



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

10. mars 2011

10. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Í broddi fylkingar

„Ég hef alltaf litið svo á að þetta eigi að vera hópur sem léttir undir með þeim sem eru í forsvari fyrir bæjarfélagið,“ segir Guðmundur Björgvinsson, formaður íbúasamtaka Önundarfjarðar sem hefur verið afar áberandi í fjölmiðlum upp á síðkastið. Hann segir frá starfinu, ferðalagi með snjóflóði og fjölþjóðlegu fjölskyldulífi á miðopnu í dag.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |





SpKef sameinast Landsbankanum

Fjármálaeftirlitið ákvað um síðustu helgi að NBI hf. taki yfir rekstur, eignir og skuldbindingar Spkef sparisjóðs með þeim hætti að Spkef sparisjóður verður sameinadur NBI hf. Í hádeginu á laugardag undirrituðu fjármálaráðherra og Landsbanki Íslands samning um yfirtökuna og samrunann. Er ákvörðun FME tekin á grundvelli heimildar í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki.

Í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu segir að með þessari ráð-

stöfun sé tryggt að útgjöld ríkissjóðs vegna Spkef takmarkist við það sem á vanti að heildareignir sparisjóðsins svari til innstæðna. Ríkissjóður muni ekki leggja sjóðnum til nýtt eigið fé, en nýtt eigið fé hefði þurft að nema 8,2 milljörðum króna skv. mati Spkef.

„Samruni Spkef sparisjóðs við NBI hf. raskar ekki uppgjöri milli Spkef sparisjóðs og fyrirrennara hans, Sparisjóðnum í Keflavík. Einnig er ljóst að samruninn hafi engin áhrif á rétt slitastjórnar

Sparisjóðsins í Keflavík til aðgangs að gögnum og upplýsingum um mál sem þar eru til rannsóknar sem slitastjórnin eða aðrir kynnu síðar að vilja hefja rannsókn á.

Ljóst er að samruni Spkef við Landsbankann hefur umtalsverðar breytingar í för með sér fyrir starfrækslu sparisjóðakerfisins. Bankasýsla ríkisins mun á næstu vikum eiga samráð við einstaka sparisjóði og fjármálastofnanir um málefni sparisjóðanna, en Bankasýslan undirbýr stefnu-

mörkun varðandi framtíðarfyrirkomulag á starfsemi þeirra sparisjóða sem Bankasýslan fer með eignarhluti í.

Landsbankinn hefur upplýst fjármálaráðuneytið um að hann hyggt hafa náð samráð við starfsmenn og heimaðila á

starfssvæði sparisjóðsins vegna þeirra breytinga sem nú verða. Hefur verið lögð á það áhersla af hálfu fjármálaráðherra að tekið verði ríkt tillit til atvinnu- og þjónustuhagsmuna á starfssvæði sparisjóðsins á Suðurnesjum og á norðvestanverðu landinu.“

„Frekleg framkoma“

„Mikil óvissa er um framtíð þessara afgreiðsla sem hér eru og mórallinn á vinnustaðnum er ekki góður,“ segir Steinn Ingi Kjartansson útibússtjóri SpKef á Ísafirði er blaðið innti hann eftir viðbrögðum um samrunann við Landsbankann. Hann segir bankasýslu ríkisins og fjármálaráðuneytið skulda starfsfólki SpKef afsökunarbeiðni um hvernig staðið hafi verið að málum.

„Starfsfólkið hafði ekki minnstu hugmynd um hvað væri í vændum fyrir en það sá það í fjölmíðlum og hafði enga hugmynd framtíðina fyrir en á mánudagsmorgun er haldinn var mjög slitróttur fjarfundur. Þetta er frekleg framkoma gagnvart starfsfólkinu og það finnst okkur afar miður,“ segir Steinn. Hann segist ekki geta veitt neinar upplýsingar um stöðu mála og vísar á upplýsinga-fulltrúa Landsbankans.

Í tilkynningu frá Landsbankanum segir að leitast verður við að tryggja sem flestum starfsmönnum sem áður störf-

uðu undir merkjum Spkef starf við hæfi. Engar afgerandi breytingar verða fyrst um sinn gerðar á starfsemi útibúa í byggðakjörnum þar sem Spkef var eina fjármálafyrirtækið. Fyrir liggur að útibú á þeim stöðum þar sem bæði Landsbankinn og Spkef hafa haft starfsemi, verða sameinuð. Þetta á við um Reykjanesbæ, Ólafsvík, Grindavík og Ísafjörð. Leitast verður við að bjóða starfsmönnum á þessum stöðum ný atvinnutækifæri innan Landsbankans að því er segir í tilkynningu.

Í tilkynningu segir jafnframt: „Fyrirsjáanlegt er að hagræðing verði á mörgum sviðum sem njóta stærðarhagkvæmni. Einhverjar breytingar á höfum fólks eru óhjákvæmilegar. Ljóst er að ekki geta allir haldið sömu störfum á sama stað. Starfsmönnum hins sameinaða banka sem komnir eru nærri eftirlaunaaldri verður boðinn starfslokasamningur óski þeir þess.

– thelma@bb.is

Mun hafa mikil áhrif á vestfirskt samfélag

„Við erum að sjálfsögðu mjög hrygg yfir þessari stöðu þar sem fólk er í uppnámi með framtíð sína og mikil óvissa er með útibúin í litlu þorpunum. Þó þau séu ekki stór skipta þau miklu máli fyrir samfélagið, bæði sem fjármálastofnanir og sem vinnuveitendur,“ segir Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og fyrrum útibússtjóri Sparisjóðs Vestfirðinga, inntur eftir viðbrögðum frá bæjaryfirvöldum yfir því að Spkef sparisjóður verði nú sameinadur Landsbankanum. „Við erum mjög slegin því þetta mun hafa mikil áhrif á okkar samfélag. Þó svo að Landsbankinn sé búinn

að reynast okkur vel á þessu svæði þá hefur hann ekki verið starfandi í þessum þorpum. Hann var á Patreksfirði um tíma en sparisjóðurinn keypti hann þar út.“

Eiríkur Finnur segist búast við að einhverjir forsvarsmenn bæjarins hittist óformlega og fari yfir stöðuna. „Við eigum von á ríkisstjórninni á morgun (þriðjudag) og ég reikna nú með að þetta mál beri þar á góma. Fólk er því að stinga saman nefjum eins og það hefur gert yfir helgina. Margir eru uggandi því að útibú frá sparisjóðnum eru mjög víða og margir hafa áhyggjur af því að því að þetta geti haft víðtækari áhrif.“

Eiríkur Finnur segir samrunann draga úr mætti sparisjóðakerfisins. Með brotthvarfi SpKef úr samstarfi sparisjóðakerfisins um kaup á ýmissi sameiginlegri þjónustu vakni spurningar um rekstrarhæfi þeirra litlu sjóða sem eftir standi. Sparisjóðakerfið minnki um helming með brotthvarfi SpKef. „Við erum líka með sparisjóði á Hólmanvík og í Bolungarvík og Suðureyri sem ekki tilheyrja Spkef og það er ljóst að þetta getur haft áhrif á þá líka. Við þurfum því að snúa bókum saman og reyna finna út hvort hægt sé að tryggja framtíðarlausn sem er best fyrir samfélagið okkar í heild.“

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 10. - 13. mars

30%
afsláttur

1.398

979 kr/kg

Nautahakk

úr kjötborði eða pakkað ferskt

34%
afsláttur

2.998

1.989 kr/kg

Nautainnalæri

úr kjötborði eða pakkað ferskt

Úrvals nauta
"Prime Rib"

2.099 kr/kg

verð áður 3.498 kr/kg

40%
afsláttur

35%
afsláttur

998

649 kr/kg

Mexíkó-kjúklingaleggir

frá Ísfugli

Kryddsósur
frá Sharwood's

30%
afsláttur

998

699 kr/pk

Pítubuff 6x60g m/brauði

frá Goða



Góð
kaup!

295 kr/stk

verð áður 369 kr/kg

Góð
kaup!

899

719 kr/pk

Krebenettur í raspi

frystar frá Kjötseli



...sjá nýja uppskrift
"Indversk mangókaka"
á samkaupurval.is

Mangó

50%
afsláttur

235 kr/kg

verð áður 469 kr/kg

...einstök þjónusta í góðum verslunum

sjá fleiri sparnaðartilboð og uppskriftir á samkaupurval.is



Fimmtungur heimsótti Vestfirði

Rúmlega 21,3% Íslendinga heimsóttu Vestfirði á síðasta ári. Norðurland og Suðurland voru þeir landshlutar sem flestir landsmenn heimsóttu á árinu 2010 eða þrjú af hverjum fimm. Tveir af hverjum fimm heimsóttu Vesturland, fjórðungur Austurland, fimmtungur höfuðborgarsvæðið, einn af hverjum tíu hálandið og tæplega einn af hverjum tíu Reykjanesið. Þetta kom fram í

könnun sem unnin var fyrir Ferðamálastofu í janúar á þessu ári um ferðaþjónustu á Íslandi. Flestir þeirra sem fóru í ferðalög sem vörðu yfir nótt eða lengur heimsóttu Ísafjörð eða 11,7%, næst flestir heimsóttu Hólmavík og Strandir eða 9,4%. Þá komu 4,9% til Hrafnseyrar, 4,1% komu að Látrabjargi, 3,6% fóru á Hornstrandir og 1,6% heimsóttu Flatøy á Breiðafirði.

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að einungis 1% gistirýma landsins er að finna á Vestfjörðum. Á undanförunum árum hefur verið mikil aukning í framboði á gistirými á landsvísu. Sumarið 2010 voru í boði 9.488 rúm á 80 hótélum sem er um 54,5% af heildarfjölda rúma á hótélum og gistiheimilum í landinu. Helmingur Íslendinga gisti hjá vinum og ættingjum á ferða-

lögum innanlands og sama hlutfall í tjaldi, fellihýsi eða húsbíl. Tæplega tveir af hverjum fimm gistu í sumarhúsi eða íbúð í einkaeign og álfka margir í orlofshúsi eða íbúð í eigu félagsamtaka. Fimmtungur gisti hins vegar á hóteli, gistiheimili eða sambærilegri gistingu.

Sund og jarðböð eru sú afþreying sem flestir landsmenn greiddu fyrir á ferðalögum árið 2010.

Margir borguðu sig inn á söfn eða sýningar, fyrir veiði, leikhús eða tónleika, golf eða bátsferð. Svipaður fjöldi Íslendinga eða níu af hverjum tíu ferðuðust innanlands árið 2010 og árið 2009. Ríflega fjórðungs aukning var hins vegar í utanferðum milli ára, 56,3% ferðuðust utan árið 2010 en árið á undan ferðuðust 44,3% utan.

– *thelma@bb.is*

Fyrsta uppskera Vesturskeljar í vor

Undanfarin ár hefur fyrirtækið Vesturskel ehf., staðið fyrir tilraunarækt á bláskel í Ísafjarðardjúpi og er útlit fyrir að fyrsta uppskera félagsins líti dagsins ljós í vor. „Það eru nokkur tonn í sjó sem verða tilbúin til uppskeru í vor. Þetta verður þá fyrsta uppskera félagsins því hingað til höfum við aðeins ræktað nokkur hundruð kíló til tilraunar,“ segir Elías Oddsson, stjórnarmaður félagsins. „Hugmyndin er svo að setja afurðina á markað í vor. Þá

eigum við bæði söfnunarlínur og línur til áframeldis í sjó sem vonandi gefa af sér aðra uppskeru eftir rúmt ár. Þetta er þó enn á tilraunarstigi enda þróunarverkefni sem hugsað er til nokkurra ára.“

Vesturskel hefur unnið að markaðsmálum í samstarfi aðila Vestfjörðum. „Við ásamt öðrum vestfirskum ræktendum störfum saman í félaginu Íslenskur kræklingur ehf. og við erum einnig þátttakendur í Bláskeljaklasa Vest-

fjarða sem starfar í samvinnu við Vaxtarsamning Vestfjarða og fleiri að þróun í þessari grein. Þá eru starfandi landssamtök kræklingaræktenda, Skelrækt, sem Vesturskel er aðili að. Undanfarið hafa þessi félög verið að vinna markaðskannanir og miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir, þá á þetta að geta gengið,“ segir Elías og bætir við að helst horfi menn til útflutnings á bæði ferskum og unnum afurðum.

Elías segir takmarkað eða ekk-

ert aðgengi að fjármagni hafa háð félaginu. „Eins og er þá er starfið alfarið rekið á eigin félagssins en algjör skortur er á áhættufjármagni til verkefna á borð við þetta. Þetta þýðir að starfið gengur hægar en vonir stóðu upphaflega til. Við höfum verið að þreifa okkur áfram með ræktun á ólíkum stöðum og með mismunandi tækni, en slíkt starf kostar peninga og þeir liggja ekki á lausu,“ segir Elías, en bætir við að þrátt fyrir skort á fjármagni,

ríki bjartsýni um framtíð ræktunarinnar.

„Við erum sannfærðir um að fyrir eða síðar verði ræktun á kræklingi mikilvægur atvinnuvegur. Tilraunir okkar síðustu ár hafa eflt okkur í þeirri trú. Að vísu er vaxtahraðinn hægari en víðast erlendis enda sjórinn kaldari hér, en á móti kemur að gæðin eru betri og holdfylling í skelinni meiri. Þannig hvað aðstæður hér í Djúpinu varðar þá erum við bjartsýnir,“ segir Elías Oddsson.

Íbúar koma að gerð deiliskipulags

Auglýst hefur verið fyrsta deiliskipulagstillagan sem unnin er eftir nýjum verklagsreglum Ísafjarðarbæjar. Verklagið gerir ráð fyrir því að allt deiliskipulag sem gert er að frumkvæði bæjarins verði unnið í samvinnu við almenning með netsamskiptum. Erum talsverða breytingu að ræða þar sem skipulagsvinna á Íslandi hefur hingað

til verið með þeim hætti að almenningi hefur eingöngu gefist kostur á að koma með athugasemdir við skipulagstillögur eftir að þær eru lagðar fram. Nýju verklagsreglurnar eru meira í ætt við þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við gerð Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020, en aðstandendur þess unnu fyrir vikið skipulagsverðlaun Skipulagsfræð-

ingafélags Íslands árið 2010.

Deiliskipulagsbreytingin er fyrir opin svæði í Tungudal og er auglýst eftir hópi áhugasemra um málið. Skipaður verður skipulagshópur, eins og verður gert í víðameiri skipulagsvinnu héðan í frá, þar sem eiga sæti hópur fólks sem telur sig verða fyrir áhrifum af deiliskipulaginu, auk eins fulltrúa umhverfisnefndar. Þar að

auki gefst fólki kostur á að skrá sig á póstlista og fá þannig fréttir af framvindu mála og koma á framfæri sínum athugasemdum.

Að þessari vinnu lokinni mun hópurinn skila tillögum til bæjarstjórnar. Fyrirséð er að í einhverjum tilfellum munu andstæð sjónarmið fulltrúa skipulagshóps vera ósamræmanleg, og verður þá skilað fleiri en einni tillögu sem

bæjarstjórn velur á milli. Markmiðið með þessum verklagsbreytingum er samkvæmt tilkynningu frá bænum að stuðla að góðum stjórnsýsluháttum, gegnsæju vinnuferli og upplýsingaflæði, rökstuddri ákvarðanatöku sem byggir á faglegum forsendum, og góðum skipulagslausnum í sátt við íbúa og aðra notendur. – *thelma@bb.is*



GRÍSAVEISLU FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
798 KR.kg

FERSKUR KJÖRFUGL

FRÁBÆRT VERÐ Í BÓNUS



FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
659 KR.KG.



100% KJÖT
NAUTA/GRÍSAHAKK BLANDAÐ
898 KR.kg



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBAFILLET
Frábært verð: **2998 kr.kg**



FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1898 KR.KG.



Pataks-mangókryddað úrbeinað og snyrt lambalæri í álbakka tilbúið í ofninn
Frábært verð: **1998 kr.kg**



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBAHRYGGUR
1398 kr.kg



KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSID LAMBALÆRI
1198.kg



BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI
1359 kr.kg



SOLLU LÍFRÆNT SPELTHVEITI
398 1000g



HIMNESKT



SOLLU LÍFRÆNT HVEITIKÍM 500g
259 500g



SOLLU LÍFRÆNT AGAVESÝRÓP
598 425ml



KF SPARHAKK
359 KR.620g



200 kr. VERÐLÆKKUN

NF. FROSIN GRÆMNETISBUFF
Verð nú **798 kr. 1.kg**



200 kr. VERÐLÆKKUN



KF HANGIÁLEGG Í SNEIÐUM
1998 KR.KG.

Díoxínmengun ekki bráð heilsufarsvá

Fólki stafar ekki bráð hætta af díoxín mengun hér á landi, er haft eftir Haraldi Briem sóttvarnarlækni í frétt á ruv.is. Haraldur bendur þó á nauðsyn þess að lágmarka díoxín í umhverfinu og að í undirbúningi séu rannsóknir til að kanna hvort díoxín mengun hafi borist í fólk. Fulltrúar Umhverfis- og Matvælastofnunar ásamt sóttvarnarlækni hafa upplýst íbúa á þremur svæðum á landinu, þar sem díoxín mengun

hefur greinst frá sorpbrennslum, hver næstu skref verði varðandi rannsóknir á fólki.

Magn díoxíns er hægt að mæla með því að rannsaka blóðsýni og brjóstamjól. Haraldur Briem sóttvarnarlækni segir að einnig sé hægt að kanna blýmagn í hári og þá aðferð muni vísindamenn Háskóla Íslands.

Haraldur segir jafnframt að viðmiðunarmörk díoxín mengunar séu mjög lág þar sem miðað

er við tilraunadýr sem þoli mun minna magn efnisins en menn geri. „Auðvitað er það þannig að

við þurfum að lágmarka díoxín í umhverfinu eins og hægt er en það er engin bráð heilsufarsvá

hér að mínu mati,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalækni.

– kte@bb.is



Díoxínmengun greindist í útblæstri Funa.

ÓDÝRT ÚT Á LAND

Sendum hvert á land sem er, pakkinn sóttur á næsta pósthús eða keyrður heim þar sem heimkeyrsla er í boði.

SMÁVÖRUR UNDIR 0,2 M³ 500 KR.
STÓR TÆKI YFIR 0,2 M³ 3.995 KR.

Vefverslun **ELKO.is** – Símasala 575-8115 **ELKO**

Dægurlagakeppni í Sæluvíku á Sauðárkróki

Sæluvíkulagið

Sæluvíkan, árleg lista- og menningarhátíð Skagfirðinga, verður haldin 1.-7. maí 2011

Meðal stærstu viðburða þetta árið verður dægurlagakeppni Sæluvíku sem fram fer á Sauðárkróki, föstudaginn 6. maí.

Keppnin er öllum opin og eru allir lagahöfundar landsins hvattir til að senda inn lög. Dómnafnd mun velja 10 lög sem keppa á úrslitakvöldinu um titillinn Sæluvíkulagið 2011.

Skilafestur fyrir lög í keppnina er til 1. apríl. Skila þarf “demo” af lagi og texta merkt: **Dægurlagakeppni á Sauðárkróki** Pósthólf 1, 550 Sauðárkrókur

Lag og texti skulu merkt með dulnefni og meðfylgjandi skal vera umslag merkt sama dulnefni sem inniheldur nafn lagahöfundar og textahöfundar.

Höfundar þeirra laga sem dómnafnd velur hafa þrjá vikur til að fullvinna lagið og skila því fullklárðu.

Glæsileg verðlaun verða veitt fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti.

Nánari upplýsingar veitir Sigurpáll Aðalsteinsson í síma 895 2515 og í netfanginu videosport@simnet.is

Skooðu Sæluvíkulagið á facebook

Spurningin

Ætlar þú að sækja viðburði Sólríshátíðar Menntaskólans?

Alls svöruðu 358.

Já sögðu 97 eða 27%
Nei sögðu 207 eða 58%
Óvíst sögðu 54 eða 15%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Norðan 5-10 m/s og dálítill el N- og A-lands, en annars bjart. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugardag:** Fremur hæg breytileg átt og stöku el, en úrkomulaust SA-lands. Áfram kalt í veðri.

Horfur á sunnudag: Útlit fyrir sunnanátt með snjókomu eða slyddu. Hlýnar í veðri.

Ritstjórnargrein

Hvers eiga aldraðir Ísfirðingar að gjalda?

Síðla árs 2006 lá fyrir staðfesting heilbrigðisráðuneytisins (eins og ráðuneytið hét þá) um byggingu hjúkrunarrýma í Ísafjarðarbæ. Árið eftir virtist áhugi stjórnvalda hafa dvínað. Ástæðan: Við stóðum ekki uppi með langan biðlista, sem meðal annars kom til af því að fjölmargir sem þurftu á hjúkrunarheimilisdvöl að halda voru vistadír inni á heilbrigðisstofnun, sem engan veginn var ásætlanlegt. Á árinu 2008 var lögð fram skýrsla sem tók af allan vafa um að nær 40 einstaklingar í Ísafjarðarbæ voru í brýnni þörf fyrir búsetu á hjúkrunarheimilum.

Á árinu 2008 kunngerðu fjórir ráðherrar sitjandi ríkisstjórnar: Forsætis-, utanríkis-, heilbrigðis-, og félags-, og tryggingamálaráðherra metnaðarfull áform um byggingu 400 hjúkrunarrýma og fjölgun einbýla á hjúkrunarheimilum. Vestfirðingar gleymdust ekki: Þeim var hent út af borðinu! Öll fyrri loforð um hjúkrunarheimili þurrkuð út. (Sif Friðleifsdóttir, 10 rými (af 174) í nóv. 2006) Af þessu tilefni minnti BB þáverandi stjórnarliði í Samfylkingunni á yfirlýsingar, af öðru tilefni, um að það gangi ekki upp að við stjórnarskipti sé samþykktum fyrir stjórnvalda kastað út í hafsauga!

Fyrri hluta árs 2010 hafði þá v. félagsmálaráðherra, Árni Páll Árnason, í nógu að snúast við undirritun samninga um byggingu hjúkrunarheimila, hist og her. Guðmundur Steingrímsson, alþm.

spurðist fyrir um það á Alþingi hverju sætti að Ísafjarðarbær væri ekki með í áætlun ráðherrans um fjölgun hjúkrunarheimila á næstu árum. Ráðherra kvað Ísafjarðarbæ á sínum stað: „Hins vegar verði farið yfir þörfina og sé hún hin sama ætti að vera hægt að fara í framkvæmdir á næsta ári.“ Þá mun ráðherrann hafa haft þann fyrirvara á orðum sínum að „fjármunir (séu) til fyrir rekstur.“ (mbl.is 230510) Hverjar efasemdir ráðherrans, fyrir þörfinni á hjúkrunarrýmum frá því er fram kom í skýrslu Margrétar Geirsdóttur og Sædísar M. Jónatansdóttur frá 2008 og getu bæjarfélagsins til reksturs, voru hafa ekki komið fram svo BB sé kunnugt.

Enn eina ferðina er nú látið reyna á að stjórnvöld standi við fyrri loforð og komi til móts við bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ með byggingu 30 rýma hjúkrunarheimili, staðsettu við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Torfnesi: „Við höfum verið að finna leiðir til að knýja fram svör frá stjórnvöldum en kannski ekki gengið nógu vel, við ákváðum því að láta reyna á það með formlegri umsókn,“ sagði Eiríkur Finnur Greipsson, form. nefndar sem hefur málið á sinni könnu. Eitt liggur fyrir: Stjórnvöld eru ekki alls staðar fráhræfð byggingu hjúkrunarheimila. Daginn fyrir gamlársdag var enn einn samningurinn undirritaður af velferðarráðherra. Hvers eiga aldraðir Ísfirðingar að gjalda hjá stjórnvöldum? s./h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Abyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

Við stefnum að farsælum samruna fyrir samfélagið



Svæðisbundnir samningar um stuðning við samfélagið verða í heiðri hafðir út þetta ár.

Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.

Sameiningu Landsbankans og Spkef fylgir mikil ábyrgð. Spkef hefur gegnt mikilvægu hlutverki fyrir viðskiptavinum sína, starfsfólki og bæjarfélög. Landsbankinn mun nú taka við þessu hlutverki í nánun samstarfi við íbúa og byggja á þekkingu starfsfólks á hverjum stað.

Starfsemi óbreytt um sinn

Öll útibú Spkef eru opin og viðskiptavinir geta leitað til eigin þjónustufulltrúa. Ráðgjafa- og þjónustuver Landsbankans verður opið lengur á kvöldin alla vikuna eða til kl. 21.

Atvinna í forgang

Allir starfsmenn Spkef eru nú orðnir starfsmenn Landsbankans. Engar afgerandi breytingar verða fyrst um sinn gerðar á starfsemi útibúa í byggðakjörnum þar sem Spkef var eina fjármálafyrirtækið.



Öll útibú Spkef eru opin. Myndin er frá Súðavík.



Einar Hannesson, fráfaramandi sparisjóðsstjóri, og Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, kynntu samrunann í Stapa í gær.

Við munum leitast við að tryggja sem flestum starf við hæfi. Kannaðir verða möguleikar á starfsstöð á Suðurnesjum tengdri verkefnum höfuðstöðva.

Hreyfiafl í atvinnulífi

Landsbankinn vill vera hreyfiafl í atvinnulífinu og verður öflugur samstarfsaðili fyrirtækja og frumkvöðla um land allt. Til að hefja gott samstarf

verða fundir með forsvarsmönnum sveitarfélaga, atvinnurekendum og verkalyðsfélögum strax í þessari viku.

Í sátt við samfélagið

Landsbankinn verður áfram sterkur bakhjarl í samfélaginu á markaðssvæðum sínum og styður við íþróttir, menningu og mannúðarmál.





Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður
Sími 440 4000 | www.islandsbanki.is

Þú velur þinn banka

Íslandsbanki býður þér í viðskipti

Íslandsbanki hefur að undanfögnu gert áttak í því að bæta þjónustu á öllum sviðum. Við höfum útfært úrræði og lausnir, sem hafa meðal annars byggst á ábendingum viðskiptavina, með það að markmiði að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir í fjármálum.

Við höfum margt að bjóða þér:

- Framúrskarandi ráðgjöf og þjónustu.
- Verðlaunavefnn **meniga.is** sem auðveldar þér að halda heimilisbókhald og gera útgjaldaáætlanir.
- Fjölbreytt og sveigjanlegt úrval úrræða fyrir skuldsetta einstaklinga og fyrirtæki.
- Þægilegan netbanka þar sem þú getur leyst flest þín mál.
- Öflug vildarþjónustu sem umbunar þeim sem nýta sér heildarþjónustu bankans.

Að flytja viðskipti sín milli banka er auðveldara en þú heldur.

Komdu í heimsókn og ráðgjafar okkar fara yfir það hvað við getum boðið þér og hvernig það gengur fyrir sig að skipta um viðskiptabanka. Við tökum vel á móti þér.

Verið velkomin til okkar,
starfsfólk Íslandsbanka á Ísafirði.



Vestfirskir verktakar með lægsta tilboð í stöðvarhús Mjólkárvirkjunnar

Vestfirskir verktakar ehf., áttu lægsta tilboð í stækun stöðvarhúss Mjólkárvirkjunnar en tilboð í verkið voru opnuð í síðustu viku. Tilboðið hljóðaði upp á tæpar 67,3 milljónir króna sem er 85% af kostnaðaráætlun sem lagt var fram til grundvallar útbodinu. Fjögur önnur fyrirtæki

skiluðu inn tilboðum. Tilboð Geirnaðglans ehf. hljóðaði upp á 78,7 milljónir króna, tilboð FP. móta ehf. upp á 94,9 milljónir króna, GÓK húsasmíði ehf. bauð 99,7 milljónir og Spýtan ehf. 117,8 milljónir króna. Á vefsíðu Orkubús Vestfjarða segir að eftir að tilboðin hafi verið yfirfarin

verði gengið til samninga við lægstbjóðanda.

Verklök eru áfangaskipt og uppsteypa skal vera langt komin fyrir 1. júlí 2011, þannig að niðursetning vatnshverfils geti hafist. Verkinu skal svo að fullu vera lokið fyrir 1. október 2011. Stærð viðbygginganna sem um ræðir

eru 60 m² og 530 m². Stöðvarhúsið verður byggt úr steinsteypu og steypu bogapaki. Húsinu verður skilað múrhúðuðu að utan og innanhúss skal einangra veggi og loft, klæða með gifsplötum og mála.

Stækkun gamla stöðvarhússins og uppsetning á nýrri vél er síð-

asti liðurinn í miklum framkvæmdum sem staðið hafa yfir í Mjólkárvirkjun síðastliðið ár. Í desember sl. var ný vélasamstaða fyrir Mjólká 3 tekin í gagnið. Nýja vélin í stækkuðu stöðvarhúsi Mjólká 2 mun auka framleiðsluna úr 5,7 megavöttum upp í 7 megavött. –kte@bb.is

Leiguverð lægst á Vestfjörðum

Leiguverð íbúða er lægst á Vestfjörðum og er rétt rúmlega helmingur af meðalverði á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kemur fram í könnun sem Neytendasamtökin framkvæmdu til samanburðar á leiguverði samkvæmt reiknivél fyrir neysluviðmið. Samkvæmt könnuninni er meðal fermetravert á þriggja herbergja íbúð á Vestfjörðum 742 krónur sem er 54,7% af leiguverði sambærilegrar íbúðar á höfuðborgar-

svæðinu þar sem fermetrinn kostar að meðaltali 1.356 krónur. Leiguverðið er nánast hið sama á Suðurnesjum eða 743 krónur en á Suðurlandi er verðið 860 krónur. Næst hæst er leiguverðið á Akureyri eða 1.200 krónur og þá Austurlandi 1.021 króna. Á Akranesi er verðið 992 krónur og 935 krónur á Snæfellsnesi.

Í niðurstöðu könnunarinnar segir að helst hafi komið á óvart hve lágt fermetravert er á Suður-

nesjum en tekið er fram að þar séu óvenju margar námsmannabúðir sem skekki töluna. Tekið er fram að fá svör bárust frá leigjendum á Vestfjörðum og því ekki hægt að draga viðamiklar ályktanir af tölunum.

Helstu niðurstöður könnunarinnar er þær að afar mikill munur er á leiguverði á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt könnuninni og leiguverði samkvæmt reiknivél fyrir neysluviðmið. Munur-



Helmingi ódýrara er að leigja á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu.

Reynt að takmarka röskun vegna framkvæmda í Kubba

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir í fjallinu Kubba í Skutulsfirði hefjast væntanlega í maí. Verkið er umfangsmikið og eru margir íbúar Holtahverfi ugðandi yfir þeirri röskun sem framkvæmdunum kann að fylgja. Til að mynda þarf að sprengja töluvert af klöppum í næsta nágrenni við íbúabyggðina og mikill fjöldi vinnuvéla gæti tafið umferð í hverfinu. Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri tæknideildar Ísafjarðarbæjar, segir að reynt verði að koma til móts við íbúa eins og frekast

er unnt. „Gerður verður nýr vegur að framkvæmdasvæðinu. Það er gamall vegslóði úr Dagverðardal yfir Hólsá niður að hverfinu. Þessum vegi verður breytt þannig að hann þoli umferð vinnuvéla og því ætti almenn umferð til og frá Holtahverfi ekki að verða fyrir tífum.“ Hvað sprengingar varðar segir Jóhann að ávallt sé hætt á ferðum þegar verið er að sprengja nálægt húsnum. „Fyrst og fremst er mikilvægt að framkvæmdaaðilar fylgi lögum og reglum hvað hleðslumagn varðar og annað slíkt.

Þá verða öll hús í nágrenninu skoðuð og mynduð áður en byrjað er að sprengja þannig eigendur húsanna standi öruggir gagnvart tryggingum ef eitthvað kemur upp á. Líklegast munu húseigendur standa saman og skrifa undir yfirlýsingu um ástand eignanna áður en framkvæmdir hefjast. Auk þess verður mælum komið fyrir í kjöllum næstu húsa til að hægt verði að fylgjast með hvaða áhrif sprengingarnar hafa á byggingarnar.“ segir Jóhann Birkir. –kte@bb.is

inn var á bilinu 54,6 – 108,9% eftir stærð leiguhúsnæðis. Tekið er fram að það hafi vissulega legið fyrir að tölurnar sem komu fram í neysluviðmiðinu hafi á margan hátt verið gallaðar og einungis falið í sér gróf viðmið. Hins vegar komi á óvart að munurinn skuli vera svo mikill sem

raun beri vitni. Þá benda Neytendasamtökin á að upplýsingar um raunverulegt húsaleiguverð séu mjög takmarkaðar og lítt aðgengilegar almenningi. Því hafi verið ákveðið að kanna húsaleiguverð með því að kalla eftir upplýsingum frá leigjendum sjálfum. –kte@bb.is

Hlutfall kennara með kennsluréttindi hefur aldrei verið hærra á Vestfjörðum

Alls starfa 155 kennarar í þeim 13 grunnskólum sem starfræktir eru á Vestfjörðum og hefur hlutfall kennara með kennsluréttindi aldrei verið jafn hátt og í ár eða 81,3% á móti 74,5% skólaárið á undan. Hlutfall kennara með kennsluréttindi hefur hækkað hratt síðastliðin áratug en í upp-

hafi aldarinnar hafði rétt helmingur kennaranna lokið kennaraprófi. Hlutfallið er þó nokkuð lægra en á landinu öllu þar sem 92% kennara hafa kennsluréttindi og er hlutfallið næst lægst á Vestfjörðum á eftir Austurlandi (79,6%). Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Hagstofu Íslands.

Konur eru í miklum meirihluta kennara en af 155 kennurum eru konur 117 eða tæp 75%. Hlutfall karlkyns kennara er þó lítillaga hærra á Vestfjörðum miðað við landsmeðaltalið þar sem 20% kennara eru karlar.

Kennurum hefur fækkað nokkuð síðastliðin áratug en í upphafi

aldarinnar störfuðu 180 kennarar á Vestfjörðum og nemur fækkunin því 13%. Ekki er hægt að sjá fjölda stöðugilda við kennslu í grunnskólum á Vestfjörðum í tölum Hagstofunnar, en þegar miðað er við fjölda kennara og nemenda má sjá að á Vestfjörðum var einn kennari á hverja sex

nemendur. Hlutfallið hefur farið lækkað allan áratuginn því árið 2001 var einn kennari á hverja sjö nemendur.

Þá má einnig sjá í tölum Hagstofunnar að allir þrettán grunnskólar á Vestfjörðum eru einsetnir.

–kte@bb.is

Borgaði af húsi sem var brennt var 2005

Garðar S. Einarsson, íbúi á Ísafirði, hefur frá árinu 2005 verið rúkaður um fasteignagjöld af húsnæði sem brennt var á æfingu slökkviliðs Ísafjarðarbæjar síðsumars 2005. Bréf Garðars til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins var rætt á síðasta fundi bæjarráðs. Í bréfinu segir Garðar upp leigu á landi við Seljalandsveg þar sem áður var sumarbústaða-

lód.

„Bústaðurinn sem þarna stóð var brenndur á æfingu slökkviliðs Ísafjarðarbæjar síðsumars 2005 og hef ég engin not haft af þessari svonefndu byggingarlód síðan þá enda ekki um lód að ræða þegar byggingar eru ekki heimilar á svæðinu vegna snjóflóðahættu. Þrátt fyrir þetta hef ég verið rúkaður um gjöld af þessum eignum

eins og húsið væri enn til staðar. Fyrir vangá hef í grandaleysi greitt öll þau fasteignagjöld sem af mér hafa verið innheimt undanfarin ár,“ segir Garðar í bréfinu.

Í bréfinu segir hann sig formlega frá leigusamningnum sem hann taldi úr gildi fallin vegna breyttra kringumstæðna. Þá óskar hann eftir að fasteignagjöld



og lóðarleiga sem hafði greitt málið til frekari vinnslu hjá bæjarstjóra. Verði endurgreidd. Bæjarráð sendi

– kte@bb.is

Capacent Ráðningar

ÖFLUGIR LEIÐTOGAR



ÍSAFJARÐARBÆR

Vegna skipulagsbreytinga og fjölgunar sviða auglýsir Ísafjarðarbær lausar til umsóknar stöður sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs og sviðsstjóra skóla- og tómsundasviðs.

SVIÐSSTJÓRI SKÓLA- OG TÓMSUNDASVIÐS

Skóla- og tómsundasvið annast yfirumsjón leik- og grunnskóla sem og umsjón með íþrótt- og tómsundamálum. Hlutverk sviðsins er að veita faglega forystu, hafa frumkvæði að nýsköpunar- og þróunarstarfi og hvetja og efla samstarfsmenn sína til verka.

Verksvið sviðsstjóra er:

- Ábyrgð á þjónustu og rekstri sviðsins sem og á starfsmannamálum
- Yfirumsjón með rekstri leik- og grunnskóla, íþrótt- og tómsundamála
- Samræmingarhlutverk innan verksviðs íþrótt- og tómsundamála
- Umsjón með gerð fjárhagsáætlana og kostnaðareftirlit

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu skilyrði, framhaldsmenntun er kostur
- Stjórnunarreynsla mjög æskileg, þekking af breytingarstjórnun er kostur
- Reynsla og þekking á sviði leik- og grunnskóla, íþrótt- og tómsundamála
- Reynsla af stefnumótun, samþættingarstarfi og verkefnastjórnun
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Reynsla af gerð fjárhagsáætlana og samningagerð

Leitað er að einstaklingum sem hafa:

- Leiðtogahæfileika og metnað til að ná árangri í starfi
- Stefnumótandi hugsun
- Áhuga á uppbyggingu samfélagsins
- Frumkvæði og metnað
- Mikla hæfni í mannlegum samskiptum

Ísafjarðarbær varð til 1. júní 1996 við sameiningu 6 sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Bæjarfélagið er víðfeðmt og teygir sig allt frá Arnarfirði að sunnanverðu að Geirólfsnúpi á Hornströndum. Byggðakjarnar sveitarfélagsins eru fimm talsins: Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri og Þingeyri.

Ísafjarðarbær er skemmtilegur og litríkur bær í sókn sem hefur margt að bjóða. Öflug skóla, fjölbreytt íþrótt- og tómsundastarf, blómlegt tónlistar- og menningarlíf, góða þjónustu og verslanir, eitt besta skíðasvæði landsins og endalaus möguleika til að njóta einstakrar náttúru svæðisins.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarrestur er til og með 20. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Heimakær fjölskyl

Guðmundur Björgvinsson hefur verið áberandi í fjölmiðlum síðasta misserið eða svo. Raunar helst til áberandi, að eigin mati. Hann hefur verið formaður íbúasamtaka Öfundarfjarðar frá upphafi og tekið margan slaginn ásamt félögum sínum þar. Það er því sjaldan góðs viti þegar andlit hans birtist í fjölmiðlum – að þessu viðtali undanskildu. Guðmundur segir hér frá orrustunum þar sem hann hefur verið í broddi fylkingar, hugleiðslunni við veiðar og ástinni sem kom til hans frá Filippseyjum.

„Okkur fannst við afskipt“

Íbúasamtök Öfundarfjarðar voru stofnuð árið 1997 og hafa starfað óslitið síðan, þó misjafnlega mikið mæði á þeim á hverjum tíma. „Samtökin voru stofnuð í dálitlu óvissuástandi. Okkur fannst við vera afskipt í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna og slyssins sem varð hérna 1995,“ útskýrir Guðmundur. „Það var svo margt ófrágengið, ógert og óklárað. Við fórum í að þrýsta á um að þessir hlutir yrðu kláraðir og að fá þríhliða samning ríkis, sveitarfélags og íbúanna hérna heima fyrir um að vinna að frágangsmálum og fegrun,“ segir hann.

Annað forgangsverkefni á þeim tíma var að koma því í gegn að sjóðurinn Samhugur í verki, af-rakstur fjáröflunar til handa Flateyringum eftir að snjóflóðið reiddi yfir í október 1995, yrði opnaður aftur.

„Það var búið að taka ákvörðun um að loka honum á sínum tíma, menn töldu greinilega að allt væri frágengið og klárt. Menn veltu því fyrir sér að geyma hluta hans um ófyrirséðan tíma. Það voru töluverðir peningar eftir í sjóðnum. Fólk sem studdi þetta verkefni á sínum tíma vildi að það yrðu gerðir svipaðir hlutir hér og í Súðavík – að sjóðurinn yrði nýttur fyrir þetta samfélag. Gefendur voru líka ósáttir við þetta – þeir voru að ekki að gefa fé í einhver önnur verkefni,“ útskýrir hann.

Sameining á erfiðum tíma

Guðmundur segir að sameining sveitarfélaganna í Ísafjarðarbæ hafi komið á slæmum tíma fyrir Flateyringa.

„Við vorum í raun og veru spurð að því hvort við vildum sameina þessi sveitarfélög þegar við vorum ekki í nokkru ásigkomulagi til þess. Það var einum og hálfum mánuði eftir að hérdu yfir okkur náttúruhamfarir. Við vorum ekkert alveg í jafnvægi. Og við hefðum eflaust vilja að fást við þessa hluti svolítið lengur sjálf, uppbygginguna eftir snjóflóðið,“ segir Guðmundur. „Nýja sveitarfélagið náði, og nær, yfir töluvert stórt landssvæði og þeir sem fóru þar með stjórn höfðu í mörg horn að líta í að reyna að láta þetta ganga saman,“ bætir hann við.

Þó að kalla megi íbúasamtök á borð við þau sem starfa í Öfundarfirði þrýstihóp, segist Guðmundur enn fremur líta á þau sem nokkurs konar stuðning fyrir bæjaryfirvöld.

„Ég hef alltaf lítið svo á að þetta eigi að vera hópur sem léttir undir með þeim sem eru í forsvari fyrir bæjarfélagið, hópur sem þeir geta leitað til. Það eigi að vera opin, gagnkvæm samskipti þarna á milli. Enda er núna nýbúið að setja það í gegnum bæjarráð að það eigi að starfa hverfaráð í öllum hverfum,“ segir Guðmundur, sem er ánægður með þá þróun mála þó að hann hafi hingað til lagt áherslu á að samtökin starfi sem grasrótasamtök.

„Þegar við fórum af stað leituðum við í smiðju fólks í Hnífsdal sem höfðu stofnað íbúasamtök þar, og svo komu Dýrfirðingar til okkar þegar þeir fóru af stað. Nú eru menn orðnir nokkuð ákveðnir í því að í hverju hverfi skuli starfa svona samtök. Nú á vordögum fórum við í gegnum þetta og endurröðum í okkar hóp. Þarna eru komin ákveðin þáttaskil, þar sem bærinn vill eindregið gera þessi samskipti formfastari. Það er hlutur sem menn hafa talað um lengi en er nú loksins kominn í framkvæmd. Ég er mjög ánægður með það, ég held að það hjálpi öllum að það sé einhver festa á þessu. Auðvitað þurfa þeir sem stjórna bæjarfélaginu að hafa fleiri augu og eyru til að fylgjast með hlutunum – þetta er stórt sveitarfélag og töluvert mikið yfir að horfa,“ segir hann.

Ekki að biðja um ölmusu

Burtséð frá ástandinu þegar íbúasamtökin voru stofnuð telst greiðslustöðvun og gjaldþrot

fiskvinnslunnar Eyrarodda hikaust til þeirra stærstu mála sem samtökin hafa tekist á við, að mati Guðmundar. Málið, og það gríðarlega atvinnuleysi sem fylgdi í kjölfar þess á Flateyri, vakti enda athygli á landsvísu.

„Þegar atvinnulífið stöðvast svona í einum vettvangi er það auðvitað stórmál. Við settum okkur strax í samband við bæjarsjórn og þingmenn með ýmsum hætti. Maður gerir sér grein fyrir því að svona samfélag stendur og fellur með þeim tilverurétti sem við teljum að við eigum, sjósóknina. Erfiðleikarnir eru í grunninn þeir að það er allt of lítið til skiptanna. Þó að menn hér hjá Eyrarodda hafi reynt sitt ítrasta til að halda þessu gangandi, voru þær ytri aðstæður sem þessi grein býr við það erfiðar að dæmið gekk ekki upp,“ segir Guðmundur, sem hefur sterkar skoðanir á því fiskveiðistjórnunarkerfi sem nú er við lýði.

„Það sem fólk hefur verið að kalla eftir úti um allt land er að fá einhverjar úrbætur og stöðugleika í atvinnumálum. Maður bindur vonir við það að breytingar á lögum um fiskveiðistjórnun taki loksins á því að það sé öll þjóðin sem eigi þetta, ekki einstakir útgerðarmenn,“ segir hann. „Við gerum okkur vel grein fyrir því hér – við erum vel upplýst! – að Flateyri er fjarri því að vera eini staðurinn sem er í þessum vanda. Í allri þessari umfjöllun getur kannski fólgið einhver styrkleikur, að menn opni augun fyrir því að við svona búið verður ekki unað lengur, það þarf að binda þessa lífsbjörg við plássin,“ segir Guðmundur.

„Við erum ekki að biðja um neina ölmusu, við erum bara að biðja um tækifæri til að bjarga okkur, meira þurfum við ekki. Ef við erum látin í friði og megum sækja sjó eru engin vandamál. Við erum bara að biðja um þessi mannréttindi okkar, að eiga tækifæri til sjálfsbjargar. Það er ekki ölmusa. Það er barnborinn réttur okkar.“

Guðmundur kveðst ekki heldur geta tekið undir þær raddir sem heyrast um að uppbygging á sviðum ferðaþjónustu og menningar í sjávarplássum geti verið grundvöllur atvinnulífs á staðnum. „Ég held það sé nú öllum ljóst að fiskveiðar og vinnsla hafa alltaf verið og verða áfram undirstaða þessara litlu þorpa vítt og breitt um landið,“ segir hann. „Hið verða bara hlutir sem bætast



á þann grunn. Ferðaþjónusta er til dæmis hvað árstíðabundust á Vestfjörðum af öllu Íslandi – þó ég telji nú reyndar að fólk okkur einn rokdam eða byl að vetri, við gætum trúlega selt það!“ segir hann og hlær við. „Það er náttúrulega ákveðin upplifun. Það er því miður fullsjaldan bylur núna,“ bætir hann við.

Hefur áhyggjur af úrræðaleysi

Flateyringar eru í dag bjartsýnir á framtíðina, eftir að fyrirtækið Lotna ehf. keypti eignir Eyrarodda og hóf vinnslu á ný. (viðtalið var tekið áður en Byggingastofnun neitaði að staðfesta kaupin). Enn situr þó lokun Sólborgar, og þau störf sem þar fóru forgörðum, í bæjarbúum. Guðmundur hefur þó enn þyngr

áhyggjur af gamla fólkinu og þeim eldri borgurum sem brátt gætu þurft á sambærilegri þjónustu að halda.

„Manni finnst úrræðaleysið fyrir þá sem verða ellihrumir og lasburða verst. Það eru ömurlegheitin. Það er lítið heimili á Þingeyri sem er eiginlega fullskipað, og það er mjög hátt hlutfall eldri borgara í Dýrafirði. Ég sé ekki annað en að þeir fullnýti sitt á næstu árum. Í Bolungarvík er lítið heimili líka sem er fullnýtt. Þess utan er ekkert í boði nema lokuð deild á sjúkrahúsi, þar sem þú þarft að teygja þig upp undir loft og slá inn einhvern kóða ef þú ætlar að sleppa út,“ segir Guðmundur.

„Gamla fólkið sem bjó hér átti sitt lögheimili á Sólborg. Ég set spurningu við hvaða „velferð“ eins og ráðuneytið heitir, felst í því að bera gamalt fólk út af

Guðmundur



heimili sínu. Svo ekki sé minnst á að svipta fólk störfum sínum og setja það á atvinnuleysisbætur, sem eru svo nánast sömu launin og fólk var borgað fyrir að vera í vinnunni! Ég uppástend að það sé ódýrara fyrir samfélagið bæði til skamms og langs tíma að halda fólki í störfum frekar en að setja það á bætur. Við byggjum fólk ekki upp með því, við rífum það niður. Ég held að stjórnvöldum hafi orðið mjög á í messunni að gæta ekki að svona hlutum,“ segir Guðmundur.

Hann segist helst hafa óskað þess að Sólborg yrði haldið opinni þar til nýtt hjúkrunarheimili væri risið á Ísafirði. „Mér finnst það ósköp eðlilegt að hjúkrunarheimili tengist sjúkrahúsinu, eins og á Ísafirði. Það er mikið öryggi fólgið í því. En á meðan ekki er einu sinni búíð að taka fyrstu skóflustunguna að því hefði mað-

ur viljað halda Sólborg opinni áfram,“ segir hann.

Í snjóflóði á Breiðadalsheiði

Guðmundur er borinn og barnfæddur á Flateyri og hefur því séð bæjarfélagið taka ýmsum breytingum í gegnum tíðina. Hann dvaldist í Reykjavík í fjögur ár á meðan hann lauk námi sínu í bifvélavirkjun. Árið 1980 snéri hann heim og starfaði við rafvirkjun ásamt föður sínum í rúm tuttugu ár. Í kjölfar þess að jarðgöngin voru opnuð lagðist reksturinn fljótlega af og eftir nokkur ár í verktakavinnu snéri Guðmundur til starfa hjá Vegagerðinni, þar sem hann er verkstjóri í dag.

Þó að margir tali um jarðgöngin sem sökudólg þess að íbúar

þorpanna sunnan Ísafjarðar sæki nú svo til alla þjónustu þangað, talar Guðmundur frekar um öryggið sem af þeim hlaust. „Þessar breytingar á samgöngum eru alveg nýtt líf – sama hvort það er fyrir okkur hér eða fyrir Bolvíkinga í dag. Og öryggið í samgöngunum – það er algjör kúvending,“ segir hann.

Hann fékk enda sjálfur að reyna hvað það gat þýtt að ætla akandi yfir Breiðadalsheiði um hávetur. „Ég prófaði það að fá mér ferðalag með snjóflóði og lifði það af. Það var dálítið sérstök lífsreynsla og í annað skiptið sem ég hef misst málið á ævinni. Þeir sem þekkja mig telja það annars næsta ómögulegt,“ segir hann og brosir út í annað.

Guðmundur var þá í Iðnskólanum á Ísafirði en hugðist halda heim til Flateyrar í helgarfrí. Hann fékk far með vinafólki sínu

og var fjórði maður í bílnum.

„Það var að skella á slæmt veður. Þegar við komum í Kinnina í Breiðadalsheiðinni var skyggnið það slæmt að við sáum varla handa okkar skil og vorum nánast í því að reka bílinn í snjóveggina svona sitt á hvað. Þá tókum við þá ákvörðun, eins og svo oft var gert, það var hoppað út og hlaupið á undan til þess að bílstjórinn hefði eitthvað viðmið. Ég fór þess vegna út,“ segir hann frá.

Ferðaðist yfir 200 metra

„Ég var ekki búinn að fara mjög langt þegar ég heyrði þrumu, mjög hressilega. Viðbrögð mín voru þau að hugsa að ég væri líklega sloppinn sjálfur, ég var kominn svo langt, en að bílinn sem var einhverja tuttugu þrjátíu metra frá mér lenti kannski í

þessu. Ég snéri mér við, tók tvö eða þrjú skref og síðan var ég bara laminn,“ rifjar Guðmundur upp.

„Ég vissi í raun sann ekkert annað en að ég var á fleygiferð. Það tók fljótt af. Ég náði ekki að verða hræddur, sú hugsun komst ekki einu sinni að. Það eina sem flaug í gegnum hugann á mér í veltingnum var hvort maður ætti að reyna að taka sundtök eða eitthvað þvíúmlíkt. Ég hafði heyrt að það að reyna að breiða sem mest úr sér gerði að verkum að maður lægi ofar í flóðinu,“ segir hann.

„Ég staðnæmdist þarna, og þegar ég fer að bröлта um finn ég að það lætur eitthvað undan í kringum mig. Mér tókst að klóra mig upp úr þessu og það hefur eflaust hjargað mér að ég varð ekki eftir á veginum heldur fór fram af – stór hluti snjómassans

29%
AFSLÁTTUR



vr. 889 H17AT2671
VERKFÆRASKÁPUR

Verkfæraskápur með 241 verkfæri.
7 skúffur
á brautum.

Verð áður 139.950 kr.

99.900 KR.

N1

29%
AFSLÁTTUR



vr. 063 700003447
SKRÚFJÁRNASETT

7 stk.
-/+/*.

Verð áður 3.920 kr.

2.798 KR.

30%
AFSLÁTTUR



vr. 063 700004378
SÆTISHLÍF

fyrir verkstæði.

Verð áður 1.395 kr.

990 KR.

32%
AFSLÁTTUR



vr. 063 700003534
FJÖLSVIÐSMÆLIR

Verð áður 3.680 kr.

2.490 KR.

VANDAÐAR VÖRUR Á GÓÐU VERÐI

20%
AFSLÁTTUR



vr. 360 F0156270AA
HÖGGBORVÉL

Höggborvél
500w.

Verð áður 4.990 kr.

3.990 KR.

23%
AFSLÁTTUR



vr. 889 H0254278
TOPPASETT

78 stk. toppar og fastir
lyklar 1/4" og
1/2".

Verð áður 25.950 kr.

19.900 KR.

30%
AFSLÁTTUR



vr. 063 700000591
FELGULYKILL

17-19 mm.

Verð áður 3.700 kr.

2.590 KR.

30%
AFSLÁTTUR



vr. 063 700002779
GORMAÞVINGA

2 stk.
í setti.

Verð áður 4.150 kr.

2.890 KR.

14%
AFSLÁTTUR



vr. 540 7618R001
ÚÐABRÚSI

Úðabrusi,
1,5 l úr plasti
með þrýstidælu.

Verð áður 6.995 kr.

5.990 KR.

47%
AFSLÁTTUR



vr. 063 700000237
OLÍUSÍUTÖNG

með bandi.

Verð áður 1.665 kr.

890 KR.

30%
AFSLÁTTUR



vr. 063 700004263
SKÍÐMÁL

150mm.
Digital.

Verð áður 6.900 kr.

4.830 KR.

47%
AFSLÁTTUR



vr. 063 700000862
BITASETT

33 stk.

Verð áður 1.300 kr.

690 KR.

40%
AFSLÁTTUR



vr. 063 700004589
VASALJÓS

LED vasaljós
með útdregnum
segli.

Verð áður 2.510 kr.

1.490 KR.

N1 ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7:00 - 17:00

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

Í aðalhlutverki í nýju barnaleikriti

Ísfrska leik- og söngkonan Þórunn Arna Kristjánsdóttir er að gera góða hluti í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir en hún var ráðin þangað síðasta vor. Nýjasta hlutverk hennar er eitt af aðalhlutverkunum í barnaleikritinu Ballið á Bessastöðum.

Þórunn Arna útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands á síðasta ári en fyrir útskrift tók hún þátt í ýmsum leiklistar tengdum verkefnum. Í Íslensku óperunni fór með hlutverk litlu stúlkunnar með eldspýturnar í samnefndum söngleik og söng hlutverk Floru í óperunni Tökin hert eftir Benjamin Britten. Hún hefur einnig tekið þátt í ýmsum verkefnum sem sýnd hafa verið á leiklistarhátíðinni Art Fart og hún lék í sjónvarpsþáttunum Hæ Gosi sem sýndir eru á Skjá einum. Þórunn Arna hóf ung nám við Tónlistarskóla Ísafjarðar og vorið 2006 lauk hún B.Mus gráðu í söng frá tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Hún er Ísfirðingum vel kunn fyrir leik, söng og hljóðfæraleik en hún hefur komið fram í heimabæ sínum við ótal tækifæri allt frá barnsaldri.

Blaðamaður hafði samband við Þórunni Örnú sama dag og Ballið á Bessastöðum var frumsýnt í byrjun mánaðar og spjallaði við hana um velgengnina.

Nú leikur þú aðalhlutverk á stóra sviðinu á Þjóðleikhúsinu, það er varla hægt að ná lengra sem leikkona á Íslandi.

„Já, þetta er draumur að rætast og heiður að fá að taka þátt í nýrri íslenskri barnasýningu sem er eins stór í sniðum og þessi.“

Framlag Vestfirðinga vegur þungt í sýningunni en auk Þórunnar Örnú semur Hnífsdælingurinn Bragi Valdimar Skúlason tónlistina og Ísfirðingurinn Jón Geir Jóhannsson er einn af hljóðfæraleikurum.

„Jón Geir er alveg að brillera í þessari sýningu. Búið er að breyta traktor í trommusett á sviðinu og þar situr hann og trommar og trommar. Svo leikur hann líka 100 ára gamla konu líka í sýningunni svo hann bregður sér í ýmis gervi. Svo er mjög skemmtilegt að hann Bragi Valdimar sé búinn að semja þessa frábæru tónlist. Það verða án efa einhverjir hittarar úr þessu.“

Deilir sviðinu með syngjandi diskó-belju

Er blaðamaður náði á Þórunni

Örnú var hún á leið í ræktina til að ná fram slökun fyrir stóra kvöldið.

„Frumsýningardagurinn er alltaf sérstakur. Ég ætla nú í ræktina og svo í gufu eða heitan pott. Aðeins að dekra við sjálfa mig.“

Við erum búin að sýna síðustu tvö kvöld fyrir fullum sal af áhorfendum og það er búið að vera óskaplega gaman. Maður er svolítið að upplifa sig sem rokkstjörnu því það er svo mikið stuð í sumum lögnum. Fólk hefur staðið upp úr sætum sínum og dansað með í lokin og það er sko alveg leyfilegt. Það borgar sig því að þússa dansskóna ef maður ætlar að mæta,“ segir Þórunn Arna og hlær.

Hún bendir á að meðal þess sem vekur hrifningu í sýningunni er syngjandi diskó-belja.

„Það verður allt vitlaust þegar diskó-beljan byrjar að syngja. Það gerist þegar við forsetinn lendum upp á heiði þar sem er diskó-fjós. Það er því ýmislegt sem þessi norska prinsessa upplifir á Íslandi.“

Hinn nýi Thorbjörn Egner?

Leikritið fjallar um forsetann á Bessastöðum sem er að drukkna í skyldustörfum og bréfaflóði, en dreymir um að fá tíma til að skoða skýin, eignast góða vini og borða pönnukökur. Hann fær í heimsókn kóng og drottningu, með barnabarnið sitt, prinsessuna. Þegar konungshjónin eru rokin af stað til að skoða íslenska náttúru halda forsetinn og prinsessan í ævintýralega för um fjöll og firnindi.

„Við vonum auðvitað að við getum sýnt þetta eins lengi og við getum. Við grínumst með það að við ætlum að gera þetta næstu sex árin og þetta sé næsti Kardimommubærinn. Kannski að Gerður Kristný sé hinn nýji Thorbjörn Egner. Það bárust einmitt svo góðar fréttir í hús í gær að hún hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin svo við erum að springa úr stolti af höfundinum okkar. Hún er líka algjör snillingur og hefur einstakt lag á því að hugsa eins og barn. Ég myndi segja að sýningin sé sko alls ekkert bara fyrir börn heldur ekkert síður fyrir barnalega fullorðna.“

Leikur í nýjum söngleik

Þórunn Arna er ekkert að tví-



Þórunn Arna í hlutverki sínu sem norska prinsessa ásamt Jóhannesi Hauki Jóhannessyni í hlutverki forsetans.

nóna við hlutina og hefur hafið æfingar á næsta verki.

„Það er nýr íslenskur söngleikur eftir Ólaf Hauk Símonarson sem heitir Bjart á köflum. Ég er ekki í aðalhlutverki en í einu af burðarrullunum þar. Það verður

líka rosalega spennandi. Verkið verður frumsýnt í apríl.

Eykur það tækifærin að vera söngkona samhliða leiklistinni? „Já allavega fyrir mig, ég gæti hvorugt þessara hlutverka túlkað ef ég kynni ekki að syngja. Ég

held að það gefi manni mikinn byr,“ segir Þórunn Arna en blaðamaður telur víst að hún sé hraði leið upp stjórnuhimininn og vert að fylgjast grannt með þessari ungu söng- og leikkonu í framtíðinni.



Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar eru með aðstöðu við Sundahöfnina á Ísafirði.

Bjartsýn á sumarvertíðina

Bókanir fyrir sumarið ganga vel hjá Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar á Ísafirði. „Sumarið lítur ljómandi vel út. Við bættum okkur í fyrra og ef sama veðurbliðan verður við völd og var í fyrra á ég ekki von á að komandi sumar verði neitt minna,“ segir Guðrún Kristjánsdóttir (Kiddý) hjá Sjóferðum Hafsteins og

Kiddýjar. „Það eru miklar væntingar til sumarsins en reynslan hefur samt kennt manni að vera við öllu búin. Veðrið hefur mjög mikið að segja og því borgar sig að krossa fingurna,“ segir Kiddý, sem hefur rekið fyrirtækið í 20 ár ásamt eiginmanni sínum, Hafsteini Ingólfssyni. Kiddý reiknar með að undirbúningur fyrir sum-

arið hefjist í næsta mánuði og fyrstu ferðirnar verði farnar um páskana.

„Venjulega höfum við hafið reglulegar áætlunarsiglingar í kringum Jónsmessuna eða um 18. júní, en þetta gæti færst eitt-hvað framur í ár. Það verður bara að vera orðið þokkalega snjólaust á Hornströndum þegar siglingar

hefst. Þegar við byrjuðum var aldrei farið af stað fyrr en fyrstu vikuna í júlí og svo datt botninn úr þessu strax eftir verslunarmannahelgina. Tímabilið er að lengjast í báða enda og nú erum við sigla alveg út september. Þetta lítur því vel út og við verðum tilbúin í slaginn þegar vertíðin hefst,“ segir Kiddý. – *kte@bb.is*

Gistinóttum fækkar á Vestfjörðum

Gistinætur á hótélum á Vesturlandi og Vestfjörðum voru 774 í janúar en voru 968 í sama mánuði í fyrra, að því er kemur fram í nýjum tölum frá Hagstofu Íslands. Íslendingar voru í meirihluta gesta á hótélum eða 492 á móti 282 útlendingum. Þetta er umtalsverður samdráttur eða 20% en þetta er jafnframt fimmta árið í röð sem gistinóttum fækkar í janúar á svæðinu. Árið 2007 voru gistinætur á Vesturlandi og Vestfjörðum 1.964, árið eftir voru þær 1.566 og árið 2009 voru þær 1.295. Þetta þýðir að gistinóttunum í janúar hafa dregist saman um 60% frá árinu 2007.

Á landinu öllu er fjöldi gistinátta á hótélum svipaður á milli ára. Þær voru 54.200 nýliðnum janúar en voru 54.800 í sama mánuði á síðasta ári. Fækkaði gistinóttum Íslendinga um 7% á meðan gistinóttum erlendra gesta fjölgaði um 1% samanborið við janúar 2010. Samdráttur var á öllum landsvæðum fyrir utan Suðurland þar sem þeim fjölgaði um 9% milli ára og Austurland þar sem um 53% aukningu var að ræða miðað við janúar 2010. – *kte@bb.is*



Hótel Ísafjörður.

Þúsund tonn að landi í Bolungarvík

Rúmlega þúsund tonnum af bolfiski var landað í Bolungarvík í síðasta mánuði og þegar fiskveiðiárið er hálfnað hafa tæplega 6.700 tonn komið að landi í Bolungarvík. Afliinn á yfirstandandi fiskveiði er orðinn 9% meiri en á sama tímabili í fyrra að því er fram kemur á vikari.is. Línuskip-

ið Þorlákur ÍS var aflahæst í febrúar með rúmlega 260 tonn í sjö veiðiferðum. Sirrý ÍS kom með næsta mesta aflann að landi eða 108,8 tonn í 22 veiðiferðum, þá var Hrólfur Einarsson ÍS með 106,2 tonn í 22 róðrum, Einar Hálfðans ÍS kom næstu með 105,4 tonn í 21 róðri og Guð-

mundur Einarsson var með 100,6 tonn í 22 veiðiferðum.

Athygli vakti í byrjun síðasta mánaðar þegar ísfisktogarinn Páll Pálsson ÍS landaði tæpum 100 tonnum í Bolungarvík. Óvíst er hvort framhald verður þar á. Valbjörn ÍS var með 64,8 tonn í fimm veiðiferðum. Línubáturinn

Siggi Bjartar ÍS var með 47 tonn í 15 róðrum, Gunnar Leós ÍS var með 43,2 tonn í 15 róðrum og netabáturinn Helga Sæm ÞH var með 39,2 tonn í 22 róðrum. Þá var línubáturinn Snjólfur ÍS með 25,1 tonn í 9 róðrum, Páll Helgi ÍS með 17,1 tonn í 11 róðrum og Sæbjörn ÍS með 6,6 tonn.

Fíkniefnasali handtekinn

Lögreglan á Vestfjörðum fann á föstudag tæp 70 gr. af kannabísefnum við húsleit á Ísafirði. Að sögn lögreglu var ungur maður handtekinn í þágu rannsóknar málsins. Í tilkynningu frá lögreglu segir að maðurinn hafi viðurkennt að hafa átt efnið og ætlað það til dreifingar á svæðinu.

Manninum var sleppt að yfirheyrslum loknum, enda telst málið upplýst. Hann hefur áður komið við sögu lögreglunnar vegna fíkniefnamála. Fíkniefnaleitarhundurinn á Vestfjörðum, Dollar, var notaður við fíkniefnaleitina.

Lögreglan hvetur alla þá sem búa yfir upplýsingum eða grunsemdum um fíkniefnameðhöndlun um að koma þeim á framfæri. Það er hægt að gera í síma 450 3730 (upplýsingasími lögreglunnar á Vestfjörðum) eða í síma 800 5005 (talhólf lögreglu og tollgæslu á landsvísu varðandi fíkniefnaupplýsingar). Fullrar nafnleyndar er heitið.

Bolvíkingar meistarar

Taflfélag Bolungarvíkur stóð uppi sem sigurvegari á Íslandsmóti skákkfélaga, sem fór fram í Rimaskóla um síðustu helgi Taflfélag Vestmannaeyja hafnaði í öðru sæti og Hellir í því þriðja.

B-sveit Bolungarvíkur sigraði í 2. deild, Víkingaklúbburinn í 3. deild og Skákkfélag Íslands í fjórðu deild.

Skoti til reynslu

Skotinn Colin Marshall er um þessar mundir til reynslu hjá BÍ/Bolungarvík. Colin er 26 ára gamall miðjumaður og lék síðast með Crevillente Deportivo í spænsku þriðju deildinni. Colin var í unglingsakademíu Aston Villa og vann þar meðal annars bikarkeppni unglingsliða árið 2002. Síðan þá hefur hann spilað með mörgum félögum s.s. Clyde, St. Johnstone, Falkirk, Airdrie United, „Marshall verður til skoðunar hjá BÍ/Bolungarvík næstu dagana og ef hann stendur sig vel er möguleiki á að hann leiki með liðinu í fyrstu deildinni í sumar,“ segir á vef BÍ.

Vélsmiðjan Þristur í aldarfjórðung

Vélsmiðjan Þristur ehf. á Ísafirði fagnar 25 ára afmæli 1. mars síðastliðinn. „Við höldum upp á daginn með því að bjóða viðskiptavinum okkar góð afmælistilboð í formi afsláttar í báðum verslununum,“ segir Bjarney Guðmundsdóttir, annar eiganda Þrists ehf. „Svo bjóðum við upp á kaffi og kökur í verslununum og vonumst til að sjá sem flesta. Þá er ný heimasíða í smíðum og hún verður opnuð á allra næstu dögum,“ segir Bjarney í samtali við blaðið á afmælisdaginn.

Vélsmiðjan var stofnuð sem hlutafélag 1. mars 1986 af hjón-

unum Óla Reyni Ingimarssyni og Bjarneyju Guðmundsdóttur, ásamt Hraðfrystihúsinu Norðurtanga hf. og Íshúsfélagi Ísfirðinga. Óli Reynir og Bjarney eignuðust fyrirtækið 1999 og breyttu því í einkahlutafélag. Fyrirtækið byggðist upp á þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki og útgerð á Ísafirði og nágrenni. Í fyrstu snerist reksturinn um nýsmíði úr ryðfríu stáli, viðgerðum og annarri málmsmíði fyrir byggingarverktaka og einkaaðila.

Vélsmiðjan var stækkuð 1994 og þá var einnig opnuð véla- og verkfæraverslun undir sama þaki,



Hjónin Óli Reynir Ingimarsson og Bjarney Guðmundsdóttir ásamt tengdasyninum, Kristni M. Einarssyni, verslunarstjóra.

en í dag má þar einnig versla vörur fyrir hestamenn og vingerðar efni. Aftur stækkaði fyrirtækið í ágúst 2004 en þá opnaði verslunin Þristur að Silfurgötu 5 á Ísafirði þar sem heimilistæki, ljós

og gjafavara voru til sölu. Haustið 2006 flutti Þristur Ormsson í eigið húsnæði að Hafnarstræti 12 eftir gagngerðar breytingar.

„Í dag eru starfsfólk fyrirtækisins 10 í báðum verslunum og í

vélsmiðjunni. Þannig að þegar maður lítur til baka getur maður sagt að þetta hafi gengið nokkuð vel þennan aldarfjórðung,“ segir Bjarney.

– kte@bb.is



Aðalheiður Óladóttir og Dagný Hermannsdóttir í verslun fyrirtækisins við Hafnarstræti.



**BÓKAÐU
NÚNA!**

Spennandi ferðir fyrir alla!

Varsjá og Kraká Páskar í Póllandi

16.-23. apríl
Fararstjóri:
Óttar Guðmundsson
Verð á mann í tvíbýli:
129.800 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting í 7 nætur með morgunverði, akstur frá flugvelli og akstur milli Varsjár og Krakár og út á flugvöll í Varsjá.

Mósel- og Rínardalurinn

14.-21. júní
Íslensk fararstjörn
Verð á mann í tvíbýli:
149.700 kr.

Innifalið: Flug með sköttum, gisting á mjög góðum hótélum í Rudesheim og Trier með morgunverðarhlaðborði. Allur akstur milli staða, siglingar á Rín og Mosel. Heilsdags skoðunarferð til Lúxemborgar og íslensk fararstjörn.

Garda-vatnið Njóttu lífsins í fögru umhverfi

20.-27. júní
Fararstjóri:
Lilja Hilmarsdóttir
Verð á mann í tvíbýli:
149.500 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á göðu 3* hóteli ásamt morgunverði og þrjú réttaðum kvöldverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjörn.

Nánari upplýsingar
á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Vestfirðir spennandi áfangastaður fyrir samkynhneigða

Ferðaskrifstofan Pink Iceland heimsótti Vestfirði á dögnum ásamt fylgdarliði. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér ferðapjónustu á Vestfjörðum en næsta sumar stefnir skrifstofan að því að bjóða viðskiptavinum sínum ferðir til Vestfjarða. „Okkur leist mjög vel á svæðið. Við höfum hug á að bjóða upp á tvískiptar ferðir, annars vegar gaman og glens í Reykjavík og svo til mótvægis rólega ferð til afslöppunar út á land, og þar koma Vestfirðir sterkir inn sem andastaða við borgarferðina,“ segir Eva María Þórarinsdóttir, sem ásamt kærustu sinni Birnu Hrönn, á og rekur Pink Iceland.

„Við gistum á Laugarhóli í Bjarnafirði og í Heydal í Ísafjardardjúpi. Á báðum stöðunum var okkur tekið frábærlega vel enda skemmtilegt og áhugavert fólk sem rekur staðina. Vonir okkar eru að ferðamennirnir komist í kynni við fólk í ferðalaginu en slíkt gerir ferðina mun betri og eftirminnilegri. Þá viljum við tengja ferðina við vatn, en allar þessar laugar og heitu pottar eru



Eva María og Birna Hrönn eiga og reka ferðaskrifstofuna Pink Iceland.

í augum útlendinga mjög óvenjulegir en um leið spennandi,“ segir Eva María.

Pink Iceland er fyrsta ferðaskrifstofan sem sérhæfir sig í ferðum fyrir samkynhneigða. „Þegar við byrjuðum vorum við aðallega í skipuleggja ferðir í hjáverkum, en þetta hefur undið

hratt upp á sig og í sumar verðum við í fullu starfi við að reka fullgilda ferðaskrifstofu. Margir ferðapjónustuaðilar reyna þó að höfða til samkynhneigðra enda benda rannsóknir til þess að samkynhneigðir hafi hærri tekjur og ferðist meira en gengur og gerist. Þeir eru stundum kallaðir DINK

sem stendur fyrir double income and no kids eða tvöfaldar tekjur og engin börn. Þá eru samkynhneigðir oft brautryðjendur hvað áfangastaði varðar, staðir sem þeir uppgötva og byrja að sækja verða oftast en ekki vinsælir hjá hinum almenna ferðamanna þegar á líður,“ segir Eva María.



Agnes gefur kost á sér

Séra Agnes M. Sigurðardóttir, sóknarprestur í Bolungarvík og prófastur í Vestfjarðaprófastdæmi, er ein fimm presta sem hafa gefið kost á sér til embættis vígslubiskups í Skálholti. Einnig hefur sr. Karl V. Matthíasson, vímuvarnarprestur og fyrrum prestur á Suðureyri, Tálknafirði og Ísafirði, gefið kost á sér.

Auk þeirra hafa gefið kost á sér þau sr. Jón Dalbú Hróbjartsson prófastur í Reykjavíkurrófastsdæmi vestra, sr. Kristján Valur Ingólfsson verkefnisstjóri helgisíða og prestur á Þingvöllum og sr. Sigrún Óskarsdóttir prestur í Árbæjarkirkju.

LÆGRA VERÐ Í HÚSASMIÐJUNNI

25.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ

Sturtuhorn
Hamrað gler, 80 cm botn.
8028600

verð frá 4.990,-

Skíðahjálmur
Svartur, EN1077.
5872110-14

Skíðahjálmur
Bleikur, EN1077.
5872108-9

Glös, 3 stk, gler
2009223

299,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ

4.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ

Innimálning
10 ltr. hvítt, gljástig 10
7119961

3.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ

Flíspeysa
5869972-5

Eikar plastparket
1.190 kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ

Eik 3ja stafa
6 mm Plastparket frá Egger Austurríki, fæst líka í Hnotu 146956

Dúnúlpa
Dömu
5869822-8

tilboð
5.990,-
~~9.990,-~~

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

GILDIR TIL 14. MARS

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Látum verkin tala!



HÚSASMIÐJAN

smáar

Okkur vantar fataskáp, lampa og ljós, ryksugu, kistu, mottur og teppi. Vinsamlegast hafðu samband í síma 866 5037.

Spákona! Spái á mismunandi hátt í spil og bolla. Verð kr. 1000. Upplýsingar í síma 456 6602 og 866 6387.

Umsóknir í arðsjóð hjá SFFV fyrir þroskahlaða óskast sendar í pósthólf 288 fyrir 1. apríl.

Tekað mér þrif í heimahúsum. Tek 1000 krónur á klukkustund, fjóra tíma í senn. Er vön og vandvirk. Uppl. gefur María í síma 456 6602 og 866 6387.

Til sölu eru lítið Roadstar sjónvarpstæki. Veggfesting fylgir. Á sama stað er til sölu fjögur nýleg 16" sumardekk á felgum undan Santa Fe. Upplýsingar í síma 859 9778.

Til leigu er 45m² íbúð í 101 Reykjavík. Laus strax. Áhugi? Hafðu samband með því að senda mail á marij@simnet.is.

Það er ódýrara að vera áskrifandi!
Síminn er 456 4560



Hljóðvarnargler
Dregur úr hljóðmengun.

www.samverk.is
samverk@samverk.is



Grunnskólinn á Ísafirði.

Vestfirskum nemum fækkar

Grunnskólanemar á Vestfjörðum voru 942 síðastliðið haust og hafði þeim fækkað um 77 frá fyrra skólaári eða um 7,6%. Síðastliðin fimm ár, eða frá árinu 2006, hefur nemendunum fækkað um 205 eða 18% og frá árinu 2000 hefur þeim fækkað um 398 eða tæp 30%. Á landinu öllu hefur grunnskólanemendum fækkað um 390 milli skólaára eða um 0,9% en þeir voru 42.539 talsins í haust. Á vef Hagstofunnar segir að grunnskólanemendur á Íslandi hafi verið flestir haustið 2003 þegar þeir voru 44.809 en þeim

hafi fækkað um 2.270 síðan þá. Gera megí ráð fyrir að nemendum fækki áfram á næstu tveimur árum en þá verði botninum náð. Eftir það eru væntanlegir fjölmennari árgangar í grunnskólanum.

Meðalfjöldi í hverjum árgangi í grunnskólum á Vestfjörðum var síðasta haust 94 og er það í fyrsta skipti sem fjöldinn fer niður fyrir hundrað. Á skólaárinu 2009/2010 var meðalfjöldinn 102 nemendur í hverjum árgangi. Árið 2006 var hann 115 og árið 2000 var meðalfjöldinn 134 nemendur

í hverjum árgangi.

Á síðasta ári fækkaði nemendum hlutfallslega mest í Grunnskólanum á Suðureyri eða um 12,2% og eru nemendurnir þar nú 36 talsins. Nemendum í Grunnskólanum á Tálknafirði fjölgaði hins vegar um 5 eða um 12,5%. Nemendum fækkaði um 48 í Grunnskóla Ísafjarðar eða um rúm 10% og eru þeir nú 413, sem þýðir að tæplega helmingur allra grunnskólanema á Vestfjörðum ganga í Grunnskólann á Ísafirði. Fámennasti grunnskólinn á Vestfjörðum er aftur á móti

Finnbogastaðarskóli í Árneshreppi á Ströndum (4 nemendur), en nemendafjöldinn þar hefur tvöfaldað síðastliðin tvö ár.

Síðastliðin fimm ár hefur nemendum fækkað mest í Grunnskóla Önunarfjarðar eða um 40% og í dag eru þeir 23 talsins. Síðastliðin fimm ár hefur mikil fækkun (20-30%) verið í Grunnskóla Vesturbýggðar (99 nemendur), Súðavíkurskóla (28 nemendur), Grunnskólanum á Þingeyri (43 nemendur) og Grunnskóla Bolungarvíkur (111 nemendur).

– kte@bb.is

Fjárlaus Suðurnes?

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Fyrir hálfum mánuði var fjallað um Sparisjóð Keflavíkur. Þá var því lýst að fé úr vestfirskum sparisjóðum og bankaútibúum hefði runnið þangað en nú væri sögu hans að ljúka. Það er hin bitra staðreynd. Sögunni er lokið og vestfirskir stofnfjáreigendur hafa tapað stofnfé sínu bótalaust. Landsbankinn sem er í eigu ríkisins, skattborgara, okkar allra, hefur nú tekið Sparisjóð Keflavíkur yfir. Eini kosturinn sem því fylgir er að fyrrum útibú Landsbankans á Vestfjörðum komast aftur undir hans stjórn. Ókostirnir eru margir og koma vafalítið niður á fjórðungnum og Vestfirðingum með skírurum og áþreifanlegum hætti. Sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum hafa áttað sig á því að nú verði sennilega sagt upp starfsmönnum sem unnið hafa hjá Sparisjóði Keflavíkur og unnu áður í vestfirskum sparisjóðum. Það er vont.

Fé sem áður tilheyrði sparisjóðum á Vestfjörðum er nú komið undir ríkisbankann í Reykjavík. Þaðan er Landsbankanum stjórnað. Umsýsla fjár minnkar á Vestfjörðum ef að líkum lætur. En laun bankastjóra Landsbankans munu ekki lækka. Þau hafa hækkað umtalsvert hjá Arion banka og Íslandsbanka, bankastjóraunin, eftir hrúnið. Hví ætti ríkisbankinn ekki að fylgja þeim? Það eru yfirgnæfandi líkur á því. Þannig hefur þetta alltaf gegnið fyrir sig. Fáir útvaldir stjórnendur fá mikið fyrir sinn snúð, sína vinnu, en almennir starfsmenn minna. Þeir taka að jafnaði á sig niðurskurðinn undir merkjum þess að spara verði útgjöldin.

En hver borgar útgjöld og laun þeirra sem starfa í bönkum? Að sjálfsögðu eru það viðskiptavinirnir, en hluti þeirra er þó undanþegin því sem við megum sætta okkur við almúginn á Vestfjörðum og víðar um land, eins og á fjárlausum Suðurnesjunum. Þeir sem mest skulda fá afskrifað. Þá er ekki spurt að ábyrgð stjórnenda bankanna og sparisjóða, jafnt þeirra sem gengnir eru á vit fedra sinna og hinna sem enn skrimta með framlögum okkar skattgreiðenda. Svo virðist sem enginn beri ábyrgð á því að Suðurnesin eru nú loks fjárlaus fyrir tilstilli Sparisjóðs Keflavíkur og stjórnenda hans. Þeim gekk mun betur að hreinsa svæðið af fé en yfirvöldum þegar þau reyndu að útrýma ferfættu fé og náðu eftir mikla mæðu að skjóta sauðkindina Surtlu, sem lengi hafði séð við þeim.

Með aðstoð stjórnenda Sparisjóðsins í Keflavík hefur að því best verður séð tekist bærilega að hreinsa Suðurnesin af fé á undanföllum árum. Skyldmenni og vinir hafa notið góðs af ef rétt er lesið í upplýsingar. Hvar er ábyrgð stjórnenda? Hvergi? Það sem verra er, þessum „sjóði“ hefur tekist að útrýma talsverðu fé af Vestfjörðum, þó ekki ferfættu, sem vonandi gerist ekki. En hver skyldi Surtla ársins 2011 vera og verður hún látin bera ábyrgð á féleysi á Suðurnesjum?

Er ábyrgð stjórnenda banka og sparisjóða fyrir hendi? Svo virðist sem almenningur einn beri ábyrgð fyrir stjórnlausu yfirmenn.

Mikilvægt að vera reiðubúinn

„Það er mjög mikilvægt að ferðaþjónar á svæðinu undirbúi sig vel fyrir sumarið þannig að þeir verði í stakk búnir til að taka móti þessari aukningu,“ segir Gústaf Gústafsson, framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu Vestfjarða, sem segir sterkar vísbendingar um að ferðamönnum fjölgi umtalsvert ferðasumarið 2011. Fyrirtækið Isavia, rekstrarfélag Keflavíkurflugvallar, sendi frá sér fréttatilkynningu í vikunni þar sem segir að allt stefni í að ferðasumarið 2011 verði hið umfangsmesta á Keflavíkurflugvelli frá upphafi. Íslenskir flugrekendur hafi bætt við flugflota sinn og aldrei áður hafi jafnmargar flugvélar verið í áætlunarflugi til og frá landinu. Segir í tilkynningu Isavia að allt stefni í að næsta ferðasumar verði það stærsta frá upphafi.

„Ég held að þessi spá sé á rökum reist og margt bendir til að ferðasumarið á Vestfjörðum muni taka stökk núna í ár. Menn reikna með fjölgun erlendra ferðamanna til landsins næsta sumar, en ég tel að hlutfall erlendra ferðamanna muni aukast sérstaklega á Vestfjörðum frá því sem verið hefur. Ástæðan fyrir þessari spá er annars vegar þróun síðustu ára þar sem ferðamönnum hefur fjölgað ár frá ári. Hins vegar er sú staðreynd, að Vestfirðir eru á lista Lonley Planet yfir 10 áhugaverðustu áfangastaðina í heiminum, miklu mikilvægari en menn eru að gera sér grein fyrir. Ekki aðeins fyrir næsta sumar heldur einnig til framtíðar. Vestfirskir ferðaþjónar verða því að taka á öllu sínu til að halda í við þróunina,“ segir



Vestfirskir ferðaþjónar verða að undirbúa sig fyrir komandi ferðamannatraffik.

Gústaf.

„Markaðssetning á Vestfjörðum er líka orðin miklu markvissari en áður var. Viðburður eins og Aldrei fór ég suður er gott dæmi um hvað samvinna í markaðssetningu getur áorkað miklu, en þar vinna ferðaþjónar hér á svæðinu saman með Íslandsstofu og forsprökkum hátíðarinnar. Þetta er til marks um að ferðaþjónustan á svæðinu sé að þroskast mikið nú um mundir, ekki bara hér fyrir vestan heldur á öllu Íslandi. Herferðin Inspired by Iceland markaði nýjan kafla í markaðssetningu ferðaþjónustu erlendis og þetta er allt að skila sér,“ segir Gústaf.

„Við höfum aldrei sé jafnmikla umfjöllun um Vestfirði í erlendum miðlum. Í september í fyrra voru Vestfjörðum veitt verðlaunin European Destination of Ex-

cellence í Brussel. Þá komust einnig við á lista Lonley Planet. Síðan vorum við valin af USA Today sem einn helsti áfangastaðurinn fyrir árið 2011. Ferða-

miðilinn Matador, sem er einn stærsti óháði ferðamiðilinn í Bandaríkjunum, setti Vestfirði í þrettánda sæti af 22 mest spennandi áfangastaði í heiminum. Allt

þetta hefur gríðarleg áhrif. Auðvitað eru þetta spár sem eru háðar óvissu, en engu að síður er betra að vera viðbúinn og hafa vaðið fyrir neðan sig,“ segir Gústaf.

Vilja semja um leigu á veiðirétti

Eigendur jarðanna að Eyri í Ísafirði og Kleifarkots í Ísafjarðarbotni auk upprekstrarlands Súðavíkurhrepps eiga veiðirétt í Ísafjarðará. Frá þessu var greint á fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps þar sem lögð voru fram gögn vegna samskipta við landbúnaðarráðuneytið og eigendur Eyrar um leigu á veiðiréttindunum fyrir sumarið 2011. Sveitarstjóra var veitt heimild til að semja um útleigu á veiðiréttindum sveitarfélagsins í samvinnu við aðra eigendur ef samkomulag um það næst, að öðrum kosti að leigja ána út sérstaklega fyrir afrettarland sveitarfélagsins sumarið 2011.

Sjárvarútvegs- og landbúnaðar-

ráðuneytið hefur sagt upp leigusamningi um ríkisjörðina Kleifarkot í Ísafirði sem Súðavíkurhreppur hefur leigt frá árinu 1992. Í bréfi frá ráðuneytinu kemur fram að leigusamningur um jörðina, sem upprunalega var leigð Reykjarfjarðarhreppi, framlengdist frá ári til árs nema að annar hvor aðili eða báðir myndu segja honum upp. Um er að ræða rækt að land og veiðirétt. Á liðnum árum hefur sveitarfélagið ráðstafað veiðirétti í Ísafjarðará til þriðja aðila. Í bréfinu kemur fram að það fyrirkomulag þyki ekki heppilegt og var því ákveðið að ráðuneytið myndi auglýsa veiðiréttinn til leigu á ný.

– *thelma@bb.is*

www.stay.is

STAY APARTMENTS

ERT ÞÚ Á LEIÐinni TIL REYKJAVÍKUR

Studio íbúðir:		Stærri íbúðir:	
Helgi (3 nætur)	19.900 kr.	Helgi (3 nætur)	25.000 kr.
Vika	29.900 kr.	Vika	37.000 kr.

Tilboð gildir til 30 apríl 2011.

Stay Apartments býður uppá 32 studio íbúðir og 15 2ja-4ra herbergja íbúðir á þremur stöðum miðsvæðis í Reykjavík, Bolholti, Einholti og Grettisgötu. Allt nýtekið í gegn. Í öllum íbúðum er: Eldhús og bað / þröðlaust net. Eingöngu reyklausar íbúðir. Aðgangur að þvottavél og þurrkara. Næg bílastæði.

BOLHOLT APARTMENTS Bolholt 6, 105 Reykjavík	EINHOLT APARTMENTS Einholt 2, 105 Reykjavík	GRETTISGATA APARTMENTS Grettisgata 43, 101 Reykjavík
---	---	--

STAY APARTMENTS

SÍMI. 517 4050 / stay@stay.is / www.stay.is

Kveðja frá Úlfi Guðmundssyni

Um mánaðarmótin febrúar - mars var rekstur og umsjón skíðasvæða Ísafjarðarbæjar flutt undir áhaldahús / Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar. Við þær breytingar var starf mitt sem forstöðumaður skíðasvæða Ísafjarðarbæjar lagt niður en í staðinn var mér boðin staða verkstjóra þjónustumiðstöðvar / áhaldahúss. Ég ákvað hinsvegar að þiggja ekki þá stöðu enda alls ekki um samþættingu starfa að ræða og ég nokkurn veginn búin að klára þau verkefni sem ég fór af stað með í upphafi. Því kveð ég ykkur kær vinir, samstarfsmenn og Ísafirðingar og langar



að þakka ykkur kærlega fyrir þau fimm ár sem ég hef dvalið á meðal ykkar. Þetta hafa verið mér og

fjölskyldu minni skemmtileg, lærdómsrík og dýrmæt ár.

Sérstakar þakkir eru til þjálfara, formanna og iðkenda alþingra og norrænu greina fyrir mjög ánægjulegt og gott samstarf í gegnum árin. Þá þakka ég formanni og stjórn Skíðafélags Ísafjarðar fyrir sérlega jákvætt og ánægjulegt samstarf í gegnum árin og sértstakan stuðning undanfarna daga. Ég kveð ykkur með sökuðri en fer sáttur frá Ísafirði á nýjan vettvang með nýjum tækifærum.

Virdingarfyllt,

Úlfur Guðmundsson, forstöðumaður skíðasvæða Ísafjarðarbæjar.



Daniel Jakobsson bæjarstjóri opnar nýju síðuna.

Nýr vefur hjá Ísafjarðarbæ

Nýr vefur Ísafjarðarbæjar hefur litið dagsins ljós. Við hönnun hans var litið til þess að hafa sem greiðast aðgengi að þeim upplýsingum sem notendur þurfa hvað mest á að halda. Þá var forsíða einfölduð og reynt að stytta leiðir í uppbyggingu vefjarins. Síðan er hönnuð hjá Snerpu ehf. á Ísafirði, og efnisuppbygging var í höndum Hálfðáns Bjarka Hálfðássonar, upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar. Notast er við vefumsjónarkerfið Snerpil frá Snerpu ehf. Er það mat þeirra sem að vefnum standa að vel hafi tekist til við uppbyggingu, en eins og alltaf má búast við einhverjum byrjunarferfiðleikum. Eru notendur beðnir

um að sýna þolinmæði, en láta þó vita á netfangið upplýsingafulltrui@isaffjordur.is ef eitthvað virkar ekki sem skyldi.

Síðan á eftir að taka einhverjum breytingum á næstu vikum og mánuðum eftir því sem þurfa þykir. Verður við þær breytingar reynt að taka mið af þeim ábendingum sem berast. „Því miður reyndist ekki mögulegt að birta fundargerðir við opnun síðunnar, en úr því verður ráðið á allra næstu dögum. Í milli-tíðinni er hægt að biðja um tilteknar fundargerðir á textaformi í gegnum netfangið upplýsingafulltrui@isaffjordur.is,” segir í tilkynningu.

– thelma@bb.is

Krossgáta *Cafe Catalina* og Vestfirðinga. Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.

		FRU Ö- NEFND	STAFA UM	SKEL	TALA	AF- UNDIR	KVEN- NAFN	TÖNN	MEIDD- AR
ANN- RÍKI					HLJÓTA BÍLA- STEDI			HÆTTA SYSTIR	
GUD		MAT- JURT- IRNAR VEIÐI- STÖNG			NAGLA UGANG				
TALA	VÍÐ- BÖT PÚKAR								
FYST- IR			LOKA STÓUK KNNI			ATT TALA VINNU VEL			
KRUK- KUNNI									FRETTA STOFA
UGGA		EINS			ÖHREIN KA NÚMER				
EINS TVÍ- HLJ.		HÖTIR					VEIN		
	LOKA- ORÐ	BYGG- INGA ATT					EINK- ST. GAN		4. EINS
REF- IR EINS UMN					VEIÐI- DÝR	DJÚP- SYNDA NULL			
		ATT SLÁ		SKÍPS- NAFN TALA					
							EINS	GRÍPA TÖNN	
	GRÍPI			FJÓT					
							FINNA LEIÐ		

Lausn á síðustu krossgátu

H. M.	ÓLÍU- FELAG	TÖF- UNA	KIND- ARINN AR	E	DÝR EINS BÍTRIS LI	EINS	●	TENN- LUR	ÖFNI	Ö- NEFND	●
→	B	R	Æ	Ð	U	R	→	J	Ö	N	↓
SKART GRÍP- TID	P	E	R	L	U	R	→	ARÍÐ SERHL	A	N	O
●	BILL NAGLI	F	I	A	T	→	NAUT- PEN- INGUR	U	X	I	TÖNN Ö- BERMI
→	S	I	N	N	A	↓	SO ATT	L	U	PPH	Ö
ELSKA	A	N	N	U	M	S	A	M	D	A	
KVEN- NAFN	U	N	A	M	E	TÖM	ELDS- HEYTI EINKA	M	Ö	R	
1000	M	REYH- DAR- NÚSTI	R	A	U	N	A	R	●	ATT UPP- HR.	N
FORS	U	M	FUGL- UM SAMHL	Ö	R	N	U	M	UGGA ILL- GRESI	Ö	A
SKO- FLA	R	E	K	A	→	INN- VELA EINS UMN	I	Ð	R	A	EINK-ST PUTI VÖNDU- EINK.
●	ATT KÖA	N	HUG- REKKI	SAM- TÖNN	M	N	↓	ARA	A	R	F
TÖNK	A	SARA- GOSSA MÁFLÖ FRYS	Þ	A	N	G	H	A	F	I	Ð
SJÁ- ÖDU	S	K	O	M	A	Ö	GR. SLÁ	I	N	TUNNA	
ILAT	K	E	R	L	R	L	R	TALA	G	A	
	L						●	→	M	A	L
							FOR- FEBUR	→	A	A	HÆTTA KLAKI
							EINK- ST.	→	R	V	I
							PUNTI	→	S	T	A
									S	S	I

Rjúpur og rjúpu „djörky“

„Hér kemur uppskrift að rjúpu eins og ég hef eldað hana, eins og mér finnst hún best, auk uppskriftar af rjúpu „djörky“ sem engan svíkur.“

Rjúpubringur með heimalöguðu rauðkáli Fyrir fjóra.

Rauðkál
1/2 haus rauðkál, skorinn í strimla
1-2 epli, gul. Rifin
60-80 g smjör
2 msk rauðvínsedik
1-2 dl sólberja saft /Ribena
2 msk sýrop eða púðursykur
Salt og pipar eftir smekk.

Smjórið er brætt í potti, kál og eplin sett út í og mýkt í smjörinu. Þegar kálið er farið að mýkjast er restinni bætt við. Þetta er látið malla í 40-60 mín. Berist fram volgt.

Rjúpur
6 úrbeinaðar rjúpur
1-2 msk Villibráðarkrydd (frá Prima)
Salt og pipar
Smjör og olía

Bringurnar eru kryddaðar með villibráðarkryddinu, ágætt að mylja kryddið fyrst í morteli. Látið marinerast í ca 1 klst við stofuhita eða jafnvel lagt í daginn áður og geymt í kæli.

Mikilvægt er að kjötið sé búið að ná allt að herbergishita fyrir steikingu ef það hefur verið í kæli.

Bringurnar kryddaðar með salti og pipar eftir smekk. Bræðið smjör ásamt svettu af olíu á vel heitri pönnu sem þolir að fara inn í ofn (flestar þola það). Steikið bringurnar í ca 1-2 mín á annarri hliðinni og snúið þeim svo við og setjið pönnuna inn í 180°C

heitan ofn í ca 4-5 mín. Þegar pannan er tekin út er henni lokað og látin bíða í 5-7 mínútur áður rjúpan er borin fram.

Sósa
1-2 msk smjör
ca 1/2 dolla Oskar Villikraftur,
2 dl vatn
3-4 dl rjómi
Berjasulta 2-3 msk
Pipar eftir smekk.
Sósa þykkt eftir smekk.

Auk rauðkálins er gott að hafa brúnaðar kartöflur, eplasalat og berjasultu með rjúpunni.

Rjúpu djörky

Þegar rjúpur eru úrbeinaðar er tilvalið að nýta allt kjötið af rjúpunni og úrbeina læri og vængi og ef nóg er til er hægt að skella með bringu með.

Skerið kjötið í fremur þunna



aflanga bita og marinerað í lögnum yfir nótt.

Svo eru bitarnir lagðir á ofngrind og þurrkaðir í 40-50°C heitum blásturs ofni í 7-10 klst.

Mjög mikilvægt að hafa 1-2 cm rifu á ofninum til að hleypa rakanum út.

Þessa uppskrift má nota fyrir aðra villibráð eins og t.d gæs.

Lögur
1 msk púðursykur

3-4 msk soyja sósa
ca 2 msk Teriyaki sósa
1-2 msk konfak eða viský eftir smekk.

1/2 tsk ný malaður svartur Pipar
1 tsk villibráðarkrydd, mal að.

1/4 tsk fennel.

Ég ætla að skora á Finn-boga Sveinhjörnsson verka-lyðsformann og veiðifélaga að verða næsti sælkeri BB.

Í minningu Karvels

Úrslit alþingiskosninganna vorið 1971 sættu nokkrum tíðindum. Eftir 12 ára valdaferil var endir bundinn á viðreisnarsamstarf Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks. Það sem skipti sköpum var kosningasigur Samtaka frjálslyndra og vinstrianna, sem hlutu tæp 9% atkvæða, fimm þingmenn og þar með oddaðstöðu á Alþingi.

Mestu munaði um kosningasigur Hannibals á Vestfirðum. Gamli Vestfjarðargoðinn (hann var þá 68 ára gamall) sópaði til sín tæplega fjórðungi atkvæða á Vestfirðum og fór á þing við

annan mann. Sá hét Karvel Pálmason, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Bolvíkinga. Eftir það varð ekki aftur snúið. Allt hans líf, það sem eftir var, mótadist af þessum sviptingum.

Snemma á kreppuárunum – fjórum áratugum fyrr – þegar Hannibal freistaði þess að stofna verkalýðsfélag í Bolungarvík, fékk hann þar heldur óblíðar viðtökur. Útsendarar atvinnurekenda gerðu honum fyrrisát, hnepptu í bönd og fluttu nauðungarflutningi úr plássinu. Ísafjarðarkratar létu hart mæta hörðu, handtöku mannræningj-

ana og hertóku síðan Bolungarvík og höfðu sitt fram um stofnun félagsins.

Hannibal var því guðfaðir verkalýðs- og sjómannafélags Bolvíkinga og Karvel þar með eins konar lærisveinn hans í verkalýðsbaráttunni. Með því að fleyta Karveli inn á þing á pólitískum frakkalöfum sínum 1971, hafði Hannibal útnefnt Karvel sem sinn pólitíska arftaka. Svona er lífið á stundum mikill iðjuþjálf, sagði dr. Benjamín af öðru tilefni.

Á dauða sínum átti hann ugglaut von, eins og við öll, en ekki því að lenda óforvarendis inni á Alþingi Íslendinga. Þegar kosningaúrslitin lágu fyrir í morgunsárið eftir kjördag, lét Karvel sig hverfa til fjalla og kom ekki til mannabyggða fyrr en að sólarhring liðnum. Þetta heitir að lenda í kúltúrsjokki“. En hann var fljótur að jafna sig. Hann þurfti ekki 20 ára setu á Alþingi til að sannprófa, að hann gat þetta ekkert síður en hinir, sem þar sátu á fleti fyrir, sumir hverjir.

Karvel Pálmason var Vestfirðingur í húð og hár. Það var ekki muldi undir hann í æsku. Hann fór snemma að vinna fyrir sér og sínum á sjó og landi. Kjörin settu á manninn mark, meitluðu svip og stældu kjark, eins og Örn Arnar komst að orði um annan harðjahl. Karvel bjó yfir ríkri réttlætiskennd og nægu sjálfstrausti til að láta ekki takmarkaða skóla-



göngu aftra sér frá að fylgja fram góðum málstað. Hann hefði gjarnan gengist við því að vera kallaður „verkalýðssinni“, en það er hugtak, sem reyndar er þegar horfið, eða á förum úr tungumálinu.

Karvel var bundinn áttögum sínum tryggðarböndum. Hann var vestfirskur alþýðumaður, sem frá unga aldri deildi kjörum með sínu fólki og vildi einlæglega rétta þess hlut, þegar á það

var hallað. Vestfirðingar eiga nú mjög í vök að verjast, enda bannað að bjarga sér sjálfir, handjarnaðir í ranglátu kvótakerfi, sem svipt hefur þá grundvallarmannréttindum. Að því hlýtur að koma – annars væri þeim illa úr ætt skotið – að þeir hristi af sér hlekkina. Þá verðu Karvel að vísu fjarri góðu gamni, en hann mun gleðjast heils hugar hinum megin.

Jón Baldvin.



TOP N+ ... betra gler Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Kómedíuleikhúsið Miðasölusími: 450 5565

Bakkabræður

9. apr. lau. kl. 14
10. apr. sun. kl. 14
21. apr. fim. kl. 14
22. apr. fös. kl. 14

Arnardal
Arnardal
Arnardal
Arnardal

Þjóðlegu hljóðbækurnar fást um land allt og á komedia.is

Þjóðsögur frá Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Ströndum, Súðavík, Bolungarvík, Hornströndum og Jökulfjörðum



TOYOTA

Að bremsa eða bremsa ekki? Hver vill spyrja sig þeirrar spurningar?

Bílatangi Ísafirði



Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

Í mars er ástandsskoðun á bremsum í boði þjónustuaðila Toyota - Bara lausnir

Stoppaðu hjá Bílatanga, viðurkenndum þjónustuaðila Toyota og láttu fara yfir bremsudiskana, bremsuklossana og bremsuborðana í bílnum. Það eykur umferðaröryggi og sparar þér peninga.

20% afsláttur

Í mars er 20% afsláttur af öllum bremsudiskum, bremsuklossum og bremsuborðum hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Bílatangi Ísafirði

Suðurgata 9
400 Ísafjörður
sími: 456-4580

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Today
Tomorrow
Toyota